




SKÝRSLA 2017-2019

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS





Körfuknattleikssamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Stjórn, starfsmenn og nefndir KKÍ tímabilið 2017-2019

Stjórn KKÍ:

Formaður:	Hannes Sigurbjörn Jónsson
Varaformaður:	Guðbjörg Norðfjörð
Gjaldkeri	Eyjólfur Þór Guðlaugsson
Ritari:	Lárus Blöndal
Meðstjórnandi:	Rúnar Birgir Gíslason, í stjórn til hausts 2017
Meðstjórnandi:	Páll Kolbeinsson
Meðstjórnandi:	Birna Lárusdóttir
Meðstjórnandi:	Einar Karl Birgisson
Meðstjórnandi:	Erlingur Hannesson
Meðstjórnandi:	Ester Alda Sæmundsdóttir

Skrifstofa KKÍ:

Formaður:	Hannes Sigurbjörn Jónsson
Mótastjóri:	Stefán Þór Borgþórsson
Afreks- og markaðsmál:	Kristinn Geir Pálsson
Starfsmaður:	Árni Eggert Harðarson
Starfsmaður:	Sigríður Inga Viggósdóttir, til 28. febrúar 2019

Mótanefnd:

Lárus Blöndal, formaður
Guðni Guðnason
Magnús Andri Hjaltason, lést í október 2017

Björn Bjarki Þorsteinsson, frá 2018

Dómaranefnd:

Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir, 2017-2018 formaður
Jón Bender, formaður 2018-2019
Rögnvaldur Hreiðarson
Gunnar Freyr Steinsson, sagði sig úr nefndinni 2018
Aðalsteinn Hrafnkelsson, frá 2018

Afreksnefnd:

Páll Kolbeinsson, formaður
Erlingur Hannesson
Ester Alda Sæmundsdóttir
Henning Henningsson
Bryndís Gunnlaugsdóttir
Herbert Arnarson
Svali Björgvinsson

Fræðslunefnd:

Birna Lárusdóttir, formaður
Jón Þór Þórðarson
Sigrún Skarphéðinsdóttir
Jón Svan Sverrisson

Aga-og úrskurðarnefnd:

Þórólfur H. Þorsteinsson, formaður
Björgvin Björnsson, varaformaður
Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður
Kristinn G. Kristinsson
Birkir Guðmundarson
María Káradóttir

Áfrýjunardómstóll:

Halldór Halldórsson, formaður
Jóhannes Karl Sveinsson
Ingimar Ingason

**Áfrýjunardómstóll
varamenn:**

Einar Hugji Bjarnason
Bryndís Gunnlaugsdóttir
Nökkvi Már Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Sigurður Gíslason
Guðmundur Sigurbergsson

Skýrsla stjórnar og fastanefnda Körfuknattleikssambands Íslands 2017-2019

Fljótlega eftir að Körfuknattleikspingi 2017 lauk skipti stjórn með sér verkum að tillögu formanns og nefndir voru skipaðar. Stjórn KKÍ hélt 29 formlega fundi, auk marga óformlegra funda, símtala og tölvupóstsamskipta. Embættisfólk stjórnar það er; formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari starfa mikið saman á milli funda og má segja að dagleg samskipti séu þeirra á milli og myndi hálfgerð „framkvæmdaráð“ innan stjórnar.

Formenn fastanefnda eru mjög virkir í starfinu og eru í daglegum samskiptum við skrifstofu sambandsins.



Samstarfsaðilar

Það er íþróttahreyfingunni mikilvægt að eiga öfluga bakhjarla. Þar sem íþróttastarf er mjög öflugt á Íslandi þá dreifa fyrirtæki landsins sínu samstarfi oft á marga aðila og það virðist vera núna síðustu mánuði að almennt sé erfiðara að sækja fjármagn til starfsins en það var áður.

Það er ánægjulegt að samstarfsaðilar KKÍ vinna í mörg ár með sambandinu og eru ánægð með það sem verið er að gera. Það er einnig ánægjulegt að sjá að margir samstarfsaðilar aðildarfélaganna vinna mjög vel og náði með þeim að efla körfuboltann á þeirra svæðum.

Til að starfsemi sambandsins haldi áfram að vaxa og dafna þá er leitast við að gera samninga sem koma að flestum þáttum starfsins.

Þrjú ný fyrirtæki hafa bæst við öflugan samstarfsaðilahóp KKÍ frá þingi 2017 en það er bílaleigan Geysir, World Class og Margt Smátt. Mikið hefur verið um endurnýjun samninga frá síðasta þingi.

Samningur við Domino's vegna Domino's deildanna var endurnýjaður haustið 2017 og er út keppnistímabilið 2020-2021.

Í janúar 2018 var endurnýjaður samningur við Icelandair og er hann út árið 2020.

Í ágúst 2018 var endurnýjaður samningur við DHL og er hann út árið 2021

Haustið 2018 var gerður samningur við bílaleiguna Geysir um að nafn bikarkeppninnar yrði Geysisbikarinn út keppnistímabilið 2019-2020.

Í nóvember 2018 var endurnýjaðir samstarfssamningur við Lykil fjármögnun sem er út árið 2021.

Ölgerðin hafði verið samstarfsaðili að bikarkeppninni en er núna almennur samstarfsaðili og var undirritaður samningur til þriggja ára eða út árið 2021 í byrjun janúar 2019.

Íslensk Getspá/Lengjan endurnýjaði samstarfssamning í byrjun mars 2019 og gildir sá samningur út árið 2020.

Verið er að endursemjá við ERREA vegna landsliðsfatnaðar en samningurinn rann út í lok árs 2018 og er samningsdrög klár en eru ekki undirrituð þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Í júní 2017 var samið við World Class um að leikmenn A-landsliðanna ásamt þjálfarateymi hafi aðgang að öllum stöðvum World Class.

Samningur við Altís umboðsaðila Molten bolta rennur út núna vorið 2019 en vonir standa til að sá samningur verði endurnýjaður.

Samið var við Margt Smátt sem nýjan samstarfsaðila í febrúar 2019.

Sumarið 2015 var gerður tímamótasamningur við 365 [í dag Sýn] um sýningarrétt á Domino's deildum karla og kvenna. Þessi samningur hefur aukið sýnileika og umfjöllum körfuboltans til muna og þá sérstaklega Domino's deildar kvenna.

RÚV hefur sýningarréttinn frá Geysisbikarnum og á landsleikjum og hefur sýnileiki bæði bikarkeppninnar, þar sem meðal annars tveir úrslitaleikir yngri flokka hafa verið sýndir, og landsliða karla og kvenna aukist til muna á síðustu árum.

Stjórn KKÍ þakkar Domino's, Icelandair, DHL, Geysi, Lykli, Ölgerðinni, Errea, Molten, World Class, Lengjunni, RÚV, Stöð 2 Sport, og Margt Smátt fyrir þeirra góða stuðning við körfuboltann og ánægjulegt og gott samstarf.

Fræðslu- og útbreiðslumál

Vorið 2018 hófst vinna við eitt af stærri verkefnum sem farið hefur verið í útbreiðslumálum þegar ákveðið var að útfæra og taka upp tækniæfingar fyrir leikmenn sem eru 9-11 ára og gera þær aðgengilegar á veraldarvefnum. Hugmyndin að þessu verkefni hefur verið í vinnslu í nokkur ár og má segja að hugsunin varðandi þessar æfingar séu svipaðar og því sem kallað var Tæknimerki KKÍ og var það verkefni í gangi í nokkur ár á árunum 1974-1980. Þetta verkefni fékk fjárhagslegan stuðning frá fræðslusjóði FIBA Europe. Unnið var strax út frá því að verkefnið yrði gert þannig að það gæti lifað vel í nokkur ár.

Í undirbúningsvinnunni var einnig unnið að því að finna nafn á verkefnið og heitir það Driplið. Driplið var í vinnslu í nokkra mánuði og var það tilbúið til kynningar og notkunar í febrúar 2019. Núna þurfa félögin að nýta sér þetta verkefni mjög vel þannig að iðkendur okkar geti gert þessar æfingar og fengið sínar viðurkenningar fyrir. Einnig þarf að kynna verkefnið vel á næstunni fyrir kennurum í grunnskólum. Allar nánari upplýsingar um Driplið má sjá á heimasíðu KKÍ undir kki.is/driplid.

Nokkur lönd í Evrópu hafa tekið uppá því nýlega að láta framleiða fyrir sig hjá Molten körfubolta í stærðarflokki fjögur eða "fjarkinn", þetta er ekki enn orðin opinber boltstærð og því þarf að sérpanta þessa tegund bolta. Boltarnir eru mjög góðir fyrir unga leikmenn á aldrinum 4-6 ára og haustið 2017 bauðst Domino's til að kaupa svona bolta fyrir sambandið sem gæti svo dreift þeim til félaganna. Haustið 2018 komu þessir boltar til landsins og hefur verið dreift til félaganna sem og á nokkra leiksskóla og fengið góðar undirtektir.

Sumarið 2017 fóru Martin Hermannson og Hildur Björg Kjartansdóttir í heimsókn til félaganna um allt land eins og gert var sumarið á undan og var þetta gert með stuðningi úr fræðslusjóði FIBA Europe.



Ágúst S. Björgvinsson hefur verið með yfirumsjón með þjálfaranáminu sem komið var á fót 2015. Félagin þurfa að vera mun duglegri að senda þjálfara á námskeiðin en mæting á grunnnámskeiðin mæti vera mun betri, því miður hefur þurft til dæmis að fella niður tvö námskeið 2018 þar sem þátttaka var nánast engin. Vel hefur verið mætt á námskeið þar sem erlendir fyrirlesarar koma en það er ekki nóg. Samkvæmt reglugerð KKÍ þá skulu allir þjálfarar ljúka þessari menntun og hefur verið gerð undanþága á undanförunum árum frá því að beita sektum eða öðrum viðurlögum á meðan allir eru að kynna þessu nýja kerfi. Til að þjálfaranámið muni skila tilteknum árangri og að félögin fari að taka þetta alvarlega verða

engar frekari undanþágur veittar frá og með næsta keppnistímabili. Góðir og menntaðir þjálfarar eru lykillinn að enn betri árangri.

Töluverð vinna og hugmyndir hafa verið í gangi að því hvernig og hvort breyta þurfti dómaramenntuninni. Í september 2018 lögðu fræðslu- og dómaramenningdómsnefndin það til við stjórn hvernig nýtt fyrirkomulag ætti að vera og var það samþykkt.

Núna eru þrjú stig í menntun í dómgæslunni. Fyrsta stig er nokkurs konar örnámskeið og er horft til að námskeiðið sé fyrir 10. flokk beggja kynja ásamt öllum öðrum sem vilja sækja námskeiðið hjá sínu félagi. Annað stig er netnámskeið sem er svipað og hefur verið áður, við annað stig öðlast dómaramenningdómsnefndin réttindi til að dæma í öllum deildum öðrum en tveimur efstu deildum karla og kvenna. Þriðja stigið er svo tekið samhliða haustfundum dómaramenningdómsnefndar, þeir sem að ljúka þriðja stigi öðlast réttind til að dæma í öllum deildum.

Hallgrímur Brynjólfsson, Margrét Sturlaugsdóttir og Sævaldur Bjarnason hafa tekið þátt í FECC þjálfaranámi FIBA Europe. FECC stendur fyrir FIBA Europe Coaching Certificate og er mjög metnaðarfullt þjálfaranám á vegum FIBA Europe sem spannar þrjú sumur á mætingu en yfir en á milli sumra eru verkefni sem þátttakendur vinna.

Hallgrímur kláraði sumarið 2018 en þau Margrét og Sævaldur hófu nám sumar 2017 og klára 2019. Nýr „hringur“ hefst núna í sumar en FIBA Europe á eftir að tilkynna hversu margir komast að frá Íslandi en sótt var um fyrir þjá.

KKÍ hvetur aðildarfélög sín til að kynna sér allt það góða fræðsluefni sem ÍSÍ hefur í gegnum árin gefið út um ýmis málefni. Má meðal annars nefna bæklinga um Aðgerðaráætlun gegn einelti, Kynferðislegt ofbeldi í íþróttum, Íþróttir barna og unglinga og Næring Íþróttafólks svo eitthvað sé nefnt. ÍSÍ heldur reglulega fyrirlestra um ýmis málefni sem eru oft mál sem eru mikið í umræðunni hverju sinni t.d. höfuðhögg íþróttar og meðhöndlun þeirra, andleg heilsa íþróttafólks og ýmislegt fleira.

Starfsfólk ÍSÍ er ávallt reiðubúið að aðstoða og allar upplýsingar um fræðslumál ÍSÍ má finna á síðu þeirra <http://www.isi.is/fraedsla/>.

Frekari upplýsingar um fræðslu- og útbreiðslumál má sjá í skýrslu Fræðslunefndar.

Lyfjamál

Samtals voru á tekin 33 lyfjapróf hér á landi í körfuknattleik á tímabilinu 15. apríl 2017 til og með 4. mars 2019 í keppni sem og á æfingum. Eitt af þessum 33 prófum reyndist jákvætt. Mikilvægt er að íþróttamenn séu vel upplýstir um þær reglur sem í gildi eru er varða málaflökkinn. Bannlisti Alþjóða lyfjaeftirlitsins er uppfærður árlega og tekur gildi 1. janúar ár hvert. Mikilvægt er að íþróttamenn taki vara á sér og gangi úr skugga um að lyf er þeim eru ávísuð innihaldi ekki efni af bannlista. Varúðar þarf einnig að gæta við inntöku fæðubótarefna því íþróttamaður ber alltaf ábyrgð á því sem hann neytir.

Körfuknattleiksfolk ársins

Í lok hvers ár velja sérsambönd ÍSÍ íþróttamenn sinna íþróttagreina. Hjá KKÍ er það þannig að stjórn, afreksnefnd, starfsmenn skrifstofu og landsliðsþjálfarar velja körfuknattleiksfolk ársins.

2017 Körfuknattleikskarlar ársins · Martin Hermannsson
2017 Körfuknattleikskona ársins · Hildur Björg Kjartansdóttir

2018 Körfuknattleikskarlar ársins · Martin Hermannsson
2018 Körfuknattleikskona ársins · Hildur Björg Kjartansdóttir

Fjölmiðlar

KKI.is, fjölmiðlar og samsfélagsmiðlar

KKI.is er mjög mikið notaður af áhugafólki um körfubolta sem og öðrum er afla sér upplýsinga um sambandið og íþróttina. KKÍ er einnig virkt á helstu samsfélagsmiðlunum og er áhugafólk um körfubolta hvatt til að nota #korfubolti þegar verið að skrifa um körfuboltann.

Samstarf við fjölmiðla er afar gott og leggja stjórn og starfsmenn KKÍ mikla áherslu á öflugt samstarf við alla fjölmiðla. Starfsfólk á íþróttamiðlum fjölmiðlana eru íþróttinni okkar afar mikilvægir og það skiptir máli að aðbúnaður fjölmiðlafólks sé eins góður og hægt er í íþróttahúsum svo þau geti unnið vinnuna sína vel. KKÍ þakkar öllum fjölmiðlum fyrir gott og gefandi samstarf.

Mörg aðildarfélög KKÍ halda úti góðum netútsendingum við að senda út leiki sína.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - samstarf við ÍSÍ og önnur sérsambönd

Eins og gefur að skilja er mjög mikið samstarf og samgangur við stjórnir og starfsfólk ÍSÍ, önnur sérsambönd sem og íþrótt- og héraðsbandalögin. Í íþróttamiðstöðinni starfar fólk með mikla reynslu og þekkingu sem oft er miðlað á milli sambandsaðila. KKÍ þakkar það góða samstarf sem er í íþróttamiðstöðinni þvert á íþróttagreinar.




Alþjóðlegt starf

Alþjóðlega starfið hefur vaxið mikið á undanförunum árum og eru fulltrúar KKÍ töluvert erlendis fyrir sambandið, bæði á fundum sem og vegna landsliðsmála. FIBA Europe hefur aukið á fjárhagslegan stuðning sinn undanfarin ár og er það meðal annars vegna mikillar vinnu fulltrúa KKÍ og Norðurlandanna. Fyrir hönd KKÍ hafa Hannes S. Jónsson formaður, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður, Kristinn Geir Pálsson afreksstjóri og Stefán Þór Borgþórsson mótastjóri sótt þessa fundi og viðburði.



Hannes hefur verið í stjórn FIBA Europe frá 2014 og formaður Smáþjóðanefndar, kjörtímabilinu lýkur í maí á þessu ári. Ísland fer einnig núna með formennsku í samstarfi Norðurlandanna og verður Norðurlandafundur haldinn á Íslandi í október næstkomandi.

Patrick Bauman framkvæmdstjóri FIBA lést aðeins 51 árs að aldri í október 2018, Patrick hafði komið nokkrum sinnum til Íslands og síðast þegar hann var hér í mars 2018 var fjölskylda hans með honum og þau höfðu öll mikinn áhuga á Íslandi. Andreas Zagklis tók við í desember sem framkvæmdastjóri FIBA.



Stjórnarfundur FIBA Europe var haldin á Íslandi í mars 2018 í minningu Ólafs Rafnssonar
Stjórnarfundur FIBA Europe var haldinn í Reykjavík í mars 2018 og var þetta í fyrsta sinn sem stjórnin kemur saman til fundar hér á landi. Stjórnarfundir eru yfirleitt í höfuðstöðvum FIBA Europe í München en að þessu sinni var fundað á Íslandi. Það var ávallt draumur Ólafs heitins Rafnssonar að halda slíkan fund hér á landi þegar hann var forseti FIBA Europe og að ósk Hannesar S. Jónssonar hélt stjórnin fundinn hér á landi í minningu hans.
Ásamt því að funda skoðaði stjórnarfolk og starfsfolk FIBA hluta af landinu og heimsóttu Bessastaði í boði forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar.

3X3 verði Ólympíugrein

Alþjóða Ólympíunefndin ákvað vorið 2017 að 3X3 körfubolti verði Ólympíugrein á Ólympíuleikunum í Tókýó 2020. Þá verða átta karlalið í keppninni og átta kvennalið. Keppt var í fyrsta sinn alþjóðlega í 3X3 körfubolta á Ólympíuhátíð æskunnar árið 2010 í Singapúr.

3X3 körfubolti er það sem þekktist á Íslandi sem götubolti en frá árinu 2010 hefur FIBA staðið fyrir alþjóðlegum mótum í 3X3 fyrirkomulaginu.

FIBA kynnti 3X3 körfubolta árið 2007 og voru þá settar inn sérstakar reglur og t.a.m. er 12 sekúndna skotklukka. Leikið er á eina körfu og er þetta mjög hraður leikur. FIBA hefur lagt mikla áherslu á uppgang 3X3 og nýtur greinin mikilla vinsælda víða um heim og er öflugt tæki til að efla körfubolta á þeim svæðum þar sem mannvirki og aðbúnaður er af skorum skammti. Einnig hafa nokkur fámennari lönd nýtt sér þessa útgáfu af körfubolta til að efla íþróttina og má þess geta að Andorra hefur nýtt sér 3X3 og er Andorra með öflug lið á alþjóðavísu í 3X3.

Ekkert hefur verið gert skipulega hér á Íslandi varðandi 3X3 og er það aðallega þar sem það vantar að fjármagna fyrir þann búnað sem þarf að vera til.

Heiðursveitingar

Lárus Friðfinnsson var sæmdur gullmerki KKÍ og Birgir S. Birgisson silfurmerki þegar Hamar fagnaði 25 ár afmæli.

Sigmundur Már Herbertsson og Leifur S. Garðarson voru sæmdir gullmerki KKÍ þegar þeir hættu sem FIBA dómara.



Mótahald

Körfuboltinn er ein útbreiddasta íþróttagrein landsins og mótahaldið er mjög umfangsmikið, þar sem íþróttin er stunduð hringinn í kringum landið.

Þrátt fyrir að KKÍ hafi haldið úti einu umfangsmesta móthaldi innan sérsambanda ÍSÍ á undanförunum árum fer það enn stækkandi. Það er mjög mikið skipulag sem þarf að halda

og því mikið um „dagatala vandamál“. Það er því afar brýnt að forsvarfólk félaganna sæki þá fundi sem haldnir eru varðandi mótahaldið.

Frekari upplýsingar um mótahaldið má finna í skýrslum mótanefndar, dómarnefndar og aga-og úrskurðarnefndar.

Krakkar í USA

Mikið er um það að ungmenni fara utan til Bandaríkjana til náms. Komast þau þá yfirleitt á fullan eða á hluta af námsstyrk. Eins og staðan er í dag þá eigum við mikið af góðum ungmönnum sem eru úti í Bandaríkjunum og eru þau að standa sig mjög vel þar. Gaman verður að fylgjast með þeim að loknu námi hvort sem þau koma beint hingað heim til Íslands að spila eða halda á vit ævintýrana.

Æfingar fyrir börn með þroskahömlun

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) í samstarfi við Hauka hafa sett á fót æfingar fyrir börn með þroskahömlun á aldrinum 6-12 ára. Þetta er í fyrsta sinn sem skipulagðar æfingar á vegum félags eru haldnar í körfubolta fyrir börn með þroskahömlun. Þetta frumkvæði varð til fyrir velvilja og áhuga Hauka og eru ÍF og KKÍ mjög spennt fyrir framvindu mála. Kristinn Jónasson stýrir æfingum en hann hefur þjálfað yngri flokka hjá Haukum að undanförunu og hefur þegar sótt námskeið erlendis á vegum FIBA til þess að undirbúa þessa starfsemi.

Afreks- og landsliðsmál

Afreks- og landsliðsmálin eru mjög umfangsmikil í starfsemi sambandsins og á sama tíma eru gerðar miklar kröfur til landsliðanna og til skrifstofu KKÍ varðandi aðbúnað liðanna. Kröfur FIBA eru miklar í keppnishaldinu og mjög margt sem þarf að hafa í huga er snýr er afreks- og landsliðsmálunum.

Landsliðum okkar sem og annarra íþróttagreina vantar heimili, vantar samastað til að vera á. Þetta gerir starfinu öllu og þá sérstaklega skipulagi mjög erfitt fyrir.



Afrekssjóður ÍSí hefur stækkað mikið frá árinu 2017 og á Íþróttapingi 2017 voru samþykktar nýjar reglur sem raðar sérsamböndum niður í þrjá flokka A, B og C. Í dag er KKÍ eitt sjö sérsambanda í A-flokki. Þessi mikla aukning frá afrekssjóði er algjör bylting í starfi sambandsins og þakkar KKÍ forystu ÍSí fyrir mikla og góða vinnu við að elfa afrekssjóðinn.

Rúmlega 70 þjálfarar, aðstoðarþjálfarar, sjúkraþjálfarar, styrktarþjálfarar og læknar hafa komið að verkefnum okkar frá A-landsliðum og niður í úrvalsbúðir

Sumarið 2017 voru kynntir til leiks nýjir landsliðsbúningar frá ERREA .

KKÍ og HR gerðu með sér samstarfssamning haustið 2017 sem snýr að kvennalandsliðum KKÍ. HR sé um mælingar á nokkrum landsliðum, með áherslu á A-landslið kvenna, og munu niðurstöður þeirra nýtast báðum aðilum í kjölfarið. Samstarfið felur í sér að meistaranámsnemi í íþróttufræðum í HR gerir yfirgripsmikla rannsókn á landsliðum KKÍ og eru mælingar og niðurstöður nýttar í meistararitgerð í íþróttavísindum og þjálfun. Rannsóknin er gerð í nánu samstarfi við þjálfarateymi landsliðs kvenna og styrktarþjálfara liðsins.

Afrekssjóðir, þjálfari og styrktarþjálfari KKÍ geta þá nýtt niðurstöðurnar til að bæta þá þætti hjá leikmönnum sem þurfa styrkingar við og bent félögum leikmannanna á hvernig haga megi þjálfun.

Þetta er fyrsti samningurinn sem KKÍ gerir gagngert til mælinga á landsliðum sínum. Stefnt er að frekari samstarfi KKÍ og HR.

Karllandsliðið tók þátt í lokamóti EuroBasket í annað sinn í sögunni haustið 2017 í Finnlandi. Þegar mest var fylgdu rúmlega 2.000 Íslendingar liðinu á mótinu og vöktu stuðningsmenn Íslands sem endranær mikla athygli fyrir góðan stuðning við sitt lið.



Sumarið 2017 komst U20 ára karlaliðið okkar í 8-liða úrslit A-deildar EM þar sem liðið lék sitt annað tímabil og Tryggvi Snær Hlinason var valinn í úrvalslíð U20 EM. Hann var þar með fyrsti Íslendingurinn til að komast í úrvalslíð á EM U20 liða í A-deild.

Karlandslíðið tók þátt í undankeppni HM [FIBA World Cup] eftir að FIBA breytti heimsdagatali landsliða karla. Núna er keppt á EuroBasket á fjögurra ára fresti í stað tveggja og eins og með HM á móti. Næsta HM verður haustið 2019 og EuroBasket haustið 2021.


Kvennalandsliðið tók þátt í undankeppni fyrir EuroBasket 2019 og að loknum síðasta leiknum í nóvember 2018 tilkynnti Ívar Ásgrímsson að hann ætlaði að hætta að þjálfva liðið. Ívari eru þokkuð vel unninn störf fyrir kvennalandsliðið og KKÍ. Í byrjun mars 2019 var Benedikt Guðmundsson ráðinn þjálfari liðsins. EuroBasket kvenna er ennþá á tveggja ára fresti og verður það núna sumarið 2019 í Lettlandi og Serbíu en undankeppni fyrir það mót lauk nú í nóvember 2018. Næsta EM verður því sumarið 2021 og hefst undankeppnin að nýju nú haust.

Í ljósi árangurs landsliða okkar á undanförunum árum á Ísland ekki möguleika á því að senda lið til keppni í C-deild EM eða „Smáþjóðakeppni“ en sú keppni er t.d. mun ódýrari til þátttöku.

Þeir Davíð Tómas Tómasson og Jóhannes Páll Friðriksson bættust í hóp FIBA dómara sumarið 2017 og haustið 2018 þurftu þeir Sigmundur Már Herbertsson og Leifur S. Garðarson að leggja FIBA flautuna á hilluna en þeir urðu 50 ára á árinu 2018 og reglur FIBA eru þannig að dómara hætta dæma alþjóðlega leiki á þeim aldri. Aðalsteinn Hjartarson er því nú reynslumestur af þeim FIBA dómurum sem eru starfandi.

Sumarið 2017 varð Rúnar Birgir Gíslason FIBA eftirlitsmaður eða „Commissioner“ og hefur sinnt fjölmörgum störfum á þeim vettvangi í vetur.

Nánari upplýsingar um afreks- og landsliðsmálin koma fram í skýrslu afreksnefndar.



Skýrsla mótanefndar KKÍ 2017-2019

Mótanefnd var skipuð þeim Lárusi Blöndal, formanni, Guðna Guðnasyni Magnúsi Andra Hjaltasyni. Hann lést í október 2017 og þá kom Bjarki Þorsteinsson í nefndina á árinu 2018.

Tímabilið 2017-18

Tímabilið 2017-2018 voru 36 félög skráð til leiks en það var einu félagi færra en tímabilið á undan. Sameiginlegt lið Hrunamanna og Laugdæla í meistaraflokki karla var ekki með og var því ekkert lið frá Laugdælum skráð þennan veturinn. Hrunamenn héldu áfram í yngri flokkunum. Fjarðabyggð tók þátt á Íslandsmótinu í fyrsta sinn með meistaraflokk en þetta félag er nýtt og hefur haldið út yngri flokka æfingum á Austfjörðum síðustu tvö ár. Hrunamenn, Afturelding og Reykdælir voru bara með yngri flokka og Hekla sendi að þessu sinni ekkert lið til keppni.

Íslandsmót í minnibolta 10 ára var endurvakið og nafni unglingsflokks kvenna var breytt í stúlknaflökk. Í stúlknaflökki keppa stúlkur á aldrinum 16, 17 og 18 ára.

Í meistarakeppninni var leikið í TM-höllinni í Keflavík, heimavelli Íslandsmeistara kvenna. Í karlaleiknum mættust KR og Þór Þ. og höfðu Þórsarar betur 86-90. Í kvennaleiknum vann Keflavík Skallagrím 93-73.

Domino's deild karla var skipuð 12 liðum og urðu Haukar deildarmeistarar. Höttur og Valur voru nýliðar í deildinni. Í lok tímabilsins kom það í hlut Hattar og Þórs Ak. að falla um deild. Í átta liða úrslitum mættust Haukar[1] og Keflavík[8] og unnu Haukar 3-2. ÍR[2] lagði Stjórnuna[7] 3-1 og Tindastóll[3] lagði Grindavík[6] 3-0 eins og KR[4] gerði í viðureign sinni við Njarðvík[5]. Í undanúrslitum mættust Haukar og KR og hafði KR betur 3-1. Í hinni undanúrslitaviðureigninni lagði Tindastóll ÍR 3-1. Í úrslitum hafði KR betur 3-1 gegn Tindastóli og unnu Íslandmeistaratitilinn fimmta árið í röð. Kristófer Acox var valinn maður lakaúrslitanna.



Domino's deild kvenna var skipuð átta liðum og urðu Haukar deildarmeistarar. Breiðablik voru nýliðar í deildinni. Njarðvík endaði í neðsta sæti deildarinnar og féll í 1. deild. Í

undanúrslitum mættust Haukar[1] og Skallagrímur[4] og höfðu Haukar betur 3-0. Í hinni undanúrslitaviðureigninni áttust við Keflavík[2] og Valur[3]. Valskonur unnu alla leikina og viðureignina því 3-0. Í úrslitum áttumst við Haukar og Valur og höfðu Haukar betur í oddaleik. Í lokaúrslitunum var Helena Sverrisdóttir valin leikmaður lokaúrslitanna.

Níu lið voru skráð til keppni í 1. deild karla og var hún því ekki full skipuð. Eitt lið fellur úr 1. deild en þar sem deildin var ekki full skipuð átti ekkert lið að falla um deild. Lið Gnúpverja kom upp úr 2. deildinni en Ármann ákvað að halda ekki sæti sínu í 1. deildinni og fór því niður í 2. deild. Skallagrímur fór beint upp og því í efstu deild. Í keppni um laust sæti áttust við Hamar[2] og Snæfell[5] sem og Breiðablik[3] og Vestri[4]. Hamar vann sína viðureign 3-0 og Breiðablik lagði Vestra 3-0. Í úrslitum hafði Breiðablik betur gegn Hamri og lokastaða í einvígi liðanna 3-1 og fylgdu Blikar því Skallagrímismönnum upp um deild.



1. deild kvenna var skipuð sjö liðum en ný inn í deildina komu endurvaktir meistaraflokkar ÍR, Hamars og Ármans. KR varð deildarmeistari og eftir úrslitakeppni fjögurra liða þar sem KR[1] lagði Grindavík[4] 3-0 í undanúrslitum og Fjölur[2] lagði Þór Ak.[3] 3-1 mættust KR og Fjölur í úrslitum. Þar hafði KR betur og lokastaða einvígisins var 3-0.

2. deild karla var skipuð 10 liðum. Í undanúrslitum A liða lagði Sindri[1] Reyni S.[4] og KV[2] hafði betur gegn Leikni R.[3]. Í úrslitaleiknum vann Sindri sigur og fór því upp í 1. deild. Í úrslitaleik B liða mættust Njarðvík b og Stjarnan b og vann Njarðvík b.

3. deild karla var skipuð 10 liðum en Keflavík b og ÍA b drógu lið sín úr keppni og því kláruðu átta lið mótið. Í undanúrslitum mættust Stálúlfur[1] og Álftanes[4] og hafði Álftanes betur. Í hinni undanúrslita viðureigninni gaf Fjarðabyggð leik sinn gegn Vestra b. Voru því Vestri b og Álftanes í úrslitum. Þar hafði Álftanes betur og urðu sigurvegarar deildarinnar.

Bikarkeppnin var með sama sniði og árið á undan en allir úrslitaleikirnir voru í Laugardalshöll í umsjón KKÍ. Leikir meistaraflokkana voru í beinni á RÚV sem og úrslitaleikir unglíngaflokkana en aðrir úrslitaleikir yngri flokkana í beinni á Youtube rás KKÍ. Í úrslitaleik

karla hafði Tindastóll betur gegn KR og í kvennaleiknum stóð Keflavík uppi sem sigurvegari eftir viðureign við Njarðvík.



Mótanefnd stóð fyrir tveimur fundum fyrir tímabilið. Fyrri fundurinn var með unglingaráðum félaganna rétt fyrir tímabilið þar sem farið var yfir helstu atriði varðandi komandi tímabil. Síðari fundurinn var dagatalsfundur í maí þar sem farið var yfir keppnistímabilið en þar gafst félögunum kostur á að koma með athugasemdir varðandi skipulag keppnistímabilsins.

Íslandmeistarar 2016-2017 [úrslit ljós eftir síðast þing]

Úrvalsdeild karla:	KR
Úrvalsdeild kvenna:	Keflavík
B-liðakeppni karla	KR
Unglingaflokkur karla:	Haukar
Unglingaflokkur kvenna:	Keflavík
Drengjaflokkur:	Haukar
10. flokkur karla:	Stjarnan
10. flokkur kvenna:	Njarðvík
9. flokkur karla:	KR
9. flokkur kvenna:	Keflavík
8. flokkur karla:	Stjarnan
8. flokkur kvenna:	Njarðvík
7. flokkur karla:	Fjölnir
7. flokkur kvenna:	Keflavík
Minnibolti 11 ára drengja:	Fjölnir
Minnibolti 11 ára stúlkna:	Keflavík

Deildarmeistarar

Úrvalsdeild karla:	KR
Úrvalsdeild kvenna:	Snæfell
1. deild karla:	Höttur
1. deild kvenna:	Þór Akureyri
2. deild karla:	Hrunamenn/Laugdælir
3. deild karla:	Gnúpverjar

Verðlaun 2016-2017

Domino's deild karla

Úrvalslíð Domino's deildar karla 2016-17

Matthías Orrí Sigurðarson · ÍR

Logi Gunnarsson · Njarðvík

Jón Arnór Stefánsson · KR

Ólafur Ólafsson · Grindavík

Hlynur Bæringsson · Stjarnan

Besti leikmaður Domino's deildar karla 2016-17

Jón Arnór Stefánsson · KR

Besti þjálfari Domino's deildar karla 2016-17

Jóhann Þór Ólafsson · Grindavík

Aðrir sem fengu atkvæði eftir stafrófsröð:

Finnur Freyr Stefánsson · KR

Besti ungi leikmaður Domino's deildar karla 2016-17

Þórir Guðmundur Þorbjarnarson · KR

Aðrir sem fengu atkvæði eftir stafrófsröð:

Ingvi Guðmundsson Grindavík, Tryggvi Hlinason · Þór Akureyri

Besti varnarmaður Domino's deildar karla 2016-17

Hlynur Bæringsson Stjarnan

Besti erlendi leikmaður Domino's deildar karla 2016-17

Amir Stevens Keflavík

Prúðasti leikmaður Domino's deildar karla 2016-17

Tryggvi Hlinason Þór Akureyri



1. deild karla

Úrvalslið 1. deildar karla 2016-17

Róbert Sigurðsson · Fjölnir

Austin Magnús Bracey · Valur

Ragnar Gerald Albertsson · Höttur

Örn Sigurðarson · Hamar

Mirko Stefán Virijevic · Höttur

Besti leikmaður 1. deildar karla 2016-17

Róbert Sigurðsson · Fjölnir

Besti þjálfari 1. deildar karla 2016-17

Viðar Örn Hafsteinsson · Höttur

Besti ungi leikmaður 1. deildar karla 2016-17

Hilmar Pétursson · Hamar

Domino's deild kvenna

Úrvalslið Domino's deildar kvenna 2016-17

Berglind Gunnarsdóttir · Snæfell

Emelía Ósk Gunnarsdóttir · Keflavík

Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir · Skallagrímur

Ragna Margrét Brynjarsdóttir · Stjarnan

Besti leikmaður Domino's deildar kvenna 2016-17

Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík

Besti þjálfari Domino's deildar kvenna 2016-17

Sverrir Þór Sverrisson · Keflavík

Besti ungi leikmaðurinn Domino's deild kvenna 2016-17

Birna Benónýsdóttir · Keflavík

Besti varnarmaður Domino's deildar kvenna 2016-17

Salbjörg Sævarsdóttir · Keflavík

Besti erlendi leikmaður Domino's deildar kvenna 2016-17

Ariana Moorer · Keflavík

Prúðasti leikmaður Domino's deildar kvenna 2016-17

Salbjörg Sævarsdóttir · Keflavík

1. deild kvenna

Úrvalslið 1. deildar kvenna 2016-17

Sóllilja Bjarnadóttir · Breiðablik

Telma Lind Ásgeirsdóttir · Breiðablik
Unnur Lára Ásgeirsdóttir · Þór Akureyri
Rut Herner Konráðsdóttir · Þór Akureyri
Isabella Ósk Sigurðardóttir · Breiðablik

Besti leikmaður 1. deildar kvenna 2016-17
Sóllilja Bjarnadóttir · Breiðablik

Besti þjálfari 1. deildar kvenna 2016-17
Hildur Sigurðardóttir · Breiðablik

Besti ungi leikmaður 1. deildar kvenna 2016-17
Ásta Júlía Grímsdóttir · KR

Dómari ársins 2016-17
Sigmundur Már Herbertsson

Íslandsmeistarar 2017-2018

Úrvalsdeild karla:	KR
Úrvalsdeild kvenna:	Haukar
B-liðakeppni karla:	Njarðvík
Unglingaflokkur karla:	Njarðvík
Stúlknaflokkur :	Keflavík
Drengjaflokkur:	Haukar
10. flokkur karla:	KR
10. flokkur kvenna:	Grindavík
9. flokkur karla:	Fjölnir
9. flokkur kvenna:	Grindavík
8. flokkur karla:	Breiðablik
8. flokkur kvenna:	Keflavík
7. flokkur karla:	Fjölnir
7. flokkur kvenna:	Keflavík
Minnibolti 11 ára drengja:	Stjarnan
Minnibolti 11 ára stúlkna:	KR
Minnibolti 10 ára drengja:	Stjarnan
Minnibolti 10 ára stúlkna:	ÍR

Bikarmeistarar 2017-2018

Meistaraflokkur karla:	Tindastóll
Meistaraflokkur kvenna:	Keflavík
Unglingaflokkur karla:	Breiðablik
Stúlknaflokkur:	Keflavík
Drengjaflokkur:	Þór Akureyri
10. fl. karla:	Fjölnir
10. fl. kvenna:	Grindavík
9. fl. karla:	Hrunamenn
9. fl. kvenna:	Grindavík

Deildarmeistarar 2017-2018

Úrvalsdeild karla:	Haukar
Úrvalsdeild kvenna:	Haukar
1. deild karla:	Skallagrímur
1. deild kvenna:	KR
2. deild karla:	Sindri
3. deild karla:	Álftanes

Domino's deild kvenna 2017-2018

Lið ársins:

Bóra Kristín Jónsdóttir · Haukar
Guðbjörg Sverrisdóttir · Valur
Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík
Helena Sverrisdóttir · Haukar
Elín Sóley Hrafnkelsdóttir · Valur

Þjálfari ársins

Ingvar Guðjónsson · Haukar

Besti ungi leikmaðurinn

Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur

Besti erlendi leikmaður ársins

Danielle Rodriguez · Stjarnan

Varnarmaður ársins

Dýrfinna Arnardóttir · Haukar

Prúðasti leikmaðurinn

Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík

Leikmaður ársins - MVP

Helena Sverrisdóttir · Haukar

Besti dómari í Domino's deildum karla og kvenna

Sigmundur Már Herbertsson

Domino's deild karla 2017-2018

Lið ársins:

Pétur Rúnar Birgisson · Tindastóll
Sigtryggur Arnar Björnsson · Tindastóll
Kári Jónsson · Haukar
Kristófer Acox · KR
Hlynur Bæringsson · Stjarnan

Þjálfari ársins

Finnur Freyr Stefánsson · KR

Besti ungi leikmaðurinn / Örylgsbikarinn farandsbikar
Ingvi Þór Guðmundsson · Grindavík

Besti erlendi leikmaðurinn
Antonio Hester · Tindastóll

Prúðasti leikmaðurinn
Axel Kárason · Tindastóll

Varnarmaður ársins
Kristófer Acox · KR

Leikmaður ársins - MVP
Kristófer Acox · KR

1. deild kvenna

Lið ársins:

Berglind Karen Ingvarsdóttir · Fjölnir
Perla Jóhannsdóttir · KR
Hanna Þráinsdóttir · ÍR
Heiða Hlín Björnsdóttir · Þór Akureyri
Unnur Lára Ásgeirsdóttir · Þór Akureyri

Þjálfari ársins
Benedikt Guðmundsson · KR

Besti ungi leikmaðurinn [f. 1998 eða síðar]
Eygló Kristín Óskarsdóttir · KR

Leikmaður ársins - MVP
Perla Jóhannsdóttir · KR

1. deild karla

Lið ársins:

Eyjólfur Ásberg Halldórsson · Skallagrímur
Snorri Vignisson · Breiðablik
Sigvaldi Eggertsson · Fjölnir
Bjarni Guðmann Jónsson · Skallagrímur
Jón Arnór Sverrisson · Hamar

Þjálfari ársins
Finnur Jónsson · Skallagrímur

Besti ungi leikmaðurinn [f. 1998 eða síðar]
Sigvaldi Eggertsson · Fjölnir

Leikmaður ársins - MVP
Eyjólfur Ásberg Halldórsson · Skallagrímur

Tímabilið 2018-19

Tímabilið 2018-19 voru 33 félög skráð til leiks sem er fækkun um þrjú félög milli tímabila. ÍBV, Gnúpverjar og ÍB voru ekki með í neðri deildum mfl. karla þennan veturinn. Hrunamenn mættu aftur til leiks með mfl. karla og hófu þeir leik í 3. deild. Reykdælir og Afturelding voru eins og tímabilið á undan eingöngu með yngri flokka.



Leikið var á heimavelli Íslandsmeistara karla í meistarakeppninni en leikið var í DHL-höllinni heimavelli KR. Í karlaeiknum mættust KR og Tindastóll þar sem Stólarnir höfðu betur. Í kvennaleiknum lagði Keflavík Hauka. Haustið 2019 verður leikið á heimavelli Íslandsmeistara kvenna.

Domino's deild kvenna er skipuð átta liðum og eru KR nýliðar í deildinni. Þegar þetta er skrifað er deildarkeppnin enn í fullum gangi og ekkert búið að ráðast.

Domino's deild karla er skipuð 12 liðum og eru Skallagrímur og Breiðablik nýliðar í deildinni. Þegar þetta er skrifað eru Breiðabliks- og Skallagrímismenn fallnir en allt annað er ekki búið að ráðast.

1. deild kvenna er skipuð sjö liðum. Átta lið skráðu sig til leiks en Ármann dróg lið sitt úr keppni rétt fyrir mót. Tindastóll endurvakti meistaraflokk sinn og sendi hann til keppni. Ekkert lið fellur úr deildinni og þegar þetta er skrifað er Fjölur orðinn deilarmeistari.

1. deild karla er skipuð átta liðum. Sindri kom upp sem nýliði og tók sæti í deildinni. ÍA og Gnúpverjar sem áttu sæti í deildinni gáfu sæti sín frá sér. Lið Gnúpverja hætti en ÍA spilar í 2. deildinni. Ekkert lið fellur úr deildinni. Þegar þetta er skrifað er ekkert búið að ráðast.

2. deild karla er skipuð 10 liðum og er deildarkeppninni ekki lokið.

3. deild karla er skipuð níu liðum og er deildarkeppninni ekki lokið.

Utandeild kvenna var endurvakin í vetur og er hún nefnd 2. deild kvenna. Þar skráðu fimm lið sig til leiks, Haukar, Stjarnan, Sindri, Vestri og Kormákur. Þegar þetta er skrifað er keppninni ekki lokið.

Bikarkeppnin var með sama sniði og árið á undan en allir úrslitaleikir voru í Laugardalshöll í umsjón KKÍ. Leikir meistaraflokkana voru í beinni á RÚV sem og úrslitaleikir unglíngaflokks karla og stúlknaflökks en aðrir úrslitaleikir yngri flokkana í beinni á sjónvarpsrás SportTV.is. Í úrslitaleik karla hafði Stjarnan betur gegn Njarðvík og í kvennaleiknum stóð Valur uppi sem sigurvegari eftir viðureign við Stjörnuna.

Mótanefnd stóð fyrir tveimur fundur fyrir tímabilið. Annar fundurinn var með unglíngaráðum félaganna rétt fyrir tímabilið þar sem farið var yfir helstu atriði varðandi mótafyrirkomulag en hinn fundurinn var dagatalsfundur í maí þar sem farið var yfir keppnistímabilið. Á dagstalsfundinum gafst félögunum tækifæri til að koma með athugasemdir varðandi skipulag keppnistímabilsins.

Skýrsla dómara nefndar KKÍ 2017-2019

Stjórn KKÍ skipaði eftirtalda einstaklinga í dómara nefnd KKÍ: Guðbjörg Norðfjörð formaður, Rögnvaldur Hreiðarsson og Gunnar Freyr Steinsson. Í maí 2018 báðust Guðbjörg og Gunnar undan skildum sínum í nefndinni og í þeirra stað komu Jón Bender formaður og Aðalsteinn Hrafnkelsson.

Starfsemi dómara nefndar var með nokkuð hefðbundnum hætti. Haustfundir 2017 og 2018 voru haldnir í Laugardal og stýrði Kristinn Óskarsson dagskránni. Engin skrifleg próf voru á haustfundunum þar sem dómara taka próf á 10 daga fresti á basketref.com. Haustfundur fyrir nýja dómara og dómara í neðri deildum var haldinn snemma í september en þetta er í fyrsta skipti sem slíkur fundur er haldinn. Núverandi og fyrrverandi FIBA dómara okkar sáu um þann fund eftir forskrift Kristins Óskarssonar. Miðsvetrarfundir voru haldnir í janúar bæði árin þar sem skerpt var á ýmsum málum, dómara þreyttu þrekpróf og svo var fundur skömmu fyrir úrslitakeppni. Í febrúar 2018 og 2019 voru haldnir fundir samhliða bikarhelgi en þar talaði Neil Wilkinson frá FIBA.



Nefndin raðaði á alla leiki í meistaraflokkum karla og kvenna, unglíngaflokkí karla, stúlknaflíkkí og hjá drengjaflokkí var raðað hjá þeim félögum sem óskuðu þess. Nokkur félög úti á landi fengu undanþágu frá niðurröðun vegna mikils ferðakostnaðar á þeim forsendum að þau myndu senda einstaklinga á dómara námskeið. Raðað var á alla bikarleiki, úrslitaleiki og úrslítamót yngri flokka. Dómara nefnd raðaði 53 dómurum á leik fyrri veturinn og 50 dómurum seinni veturinn. Markmið dómara nefndar er að fjölga dómurum með réttindi sem dæma á vegum KKÍ og að allir leikir á vegum KKÍ verði dæmdir af dómurum með réttindi. Lauslega áætlað má reikna með að það þurfi um 100 dómara á dag þegar stærstu dagarnir eru. Alls var raðað á um 1.000 leiki og störfín voru vel yfir 2.000 talsins. Í bikarúrslítum yngri flokka 2018 og 2019 var raðað þremur dómurum á hvern leik og í úrslítakeppni Domino's deildar kvenna, 1. deildar karla og 1. deildar kvenna var einnig raðað þremur dómurum. Dómara nefnd bauð upp á fund með þjálfurum í september 2018 til að kynna nýjar leikreglubreytingar, en fjórir þjálfarar mættu á fundinn.

Dómara námskeið voru þrjú talsins; í október 2017 að Ásvöllum þar sem að Georgía Olga Kristiansen kenndi níu þátttakendum, í febrúar 2018 var námskeið í Akurskóla þar sem að Kristinn Óskarsson kenndi 12 þátttakendum og í september 2018 á Egilsstöðum þar sem að Davíð Tómas Tómasson kenndi 22 þátttakendum.

Dómaramenntun var breytt í september 2018 og er nú þrjú stig. Fyrsta stig er nokkurs konar örnámskeið og er horft til þess að námskeiðið sé fyrir 10. flokk beggja kynja ásamt öllum öðrum sem vilja sækja námskeið hjá sínu liði. Fjögur námskeið á fyrsta stigi voru haldin á líðandi keppnistímabili þar sem um 100 dómara útskrifuðust með réttindi til að dæma leiki hjá iðkendum sem eru á grunnskólaaldri. Öllum liðum var boðin þessi námskeið sér að kostnaðarlausu. Dómara nefnd þakkar þeim dómurum sem að leiðbeindu á námskeiðunum en ekki er sjálfgefið að gefa sér tíma í slíkt einungis fyrir brennandi áhuga og ánægju. Annað stig er netnámskeið sem áður hefur verið virkt en Kristinn Óskarsson

hefur unnið ótult starf við að koma því aftur í gagnið. Við annað stig öðlast dómara réttindi til að dæma í öllum deildum öðrum en Domino's deild karla, Domino's deild kvenna og 1. deild karla og kvenna. Þriðja stigið er svo tekið samhliða haustfundum dómara. Þeir sem að ljúka þriðja stigi öðlast réttindi til að dæma í öllum deildum.



Dómaranefnd kom af stað Mentor-kerfi í nóvember 2018 þar sem að sjö ungir dómara eða dómara sem hafa nýlega hafið dómgæslu í efstu deildum fengu leiðbeinendur sem að leiðbeina þeim a.m.k. út keppnistímabilið. Leiðbeinendurnir horfa á leiki dómara og gefa þeim endurgjöf ásamt því að vera dómurum til halds og traust á öllum sviðum dómgæslunnar.

Kristinn Óskarsson fór til Króatíu 2017 og Ítalíu 2018 á námskeið fyrir FIBA leiðbeinendur. Hann starfaði áfram sem leiðbeinandi í Noregi í verkefni sem FIBA kallar Small Country Officiating Development (SCOD). Hlutverk Kristins er að aðstoða Noreg við að efla dómgæslu í landinu. Í júlí 2017 var Kristinn tilnefndur af FIBA sem leiðbeinandi í Frakklandi á EM U16 kvenna A deild og 2018 var hann tilnefndur sem leiðbeinandi í Búlgaríu á EM U 20 karla B deild. Kristinn er það sem FIBA kallar FRIP Referee Regional Instructor og má því sinna leiðbeinandahlutverkinu um alla Evrópu. Dómara voru á faraldsfæti víða og hér í töflum má sjá leiki sem að þeir dæmdu á vegum FIBA.



Sigmundur Már Herbertsson dæmdi eftirfarandi leiki:

Dags	Mót	Borg	Land	Leikur
15.7.2017	Evrópukeppni U20 Karla A deild	Rethymnon	Grikkland	Úkraína-Litháen
16.7.2017	Evrópukeppni U20 Karla A deild	Chania	Grikkland	Þýskaland-Tékkland
17.7.2017	Evrópukeppni U20 Karla A deild	Rethymnon	Grikkland	Lettland-Litháen
19.7.2017	Evrópukeppni U20 Karla A deild	Heraklion	Grikkland	Frakkland-Tékkland
20.7.2017	Evrópukeppni U20 Karla A deild	Heraklion	Grikkland	Svíþjóð-Ítalía
22.7.2017	Evrópukeppni U20 Karla A deild	Heraklion	Grikkland	Svíþjóð-Úkraína
23.7.2017	Evrópukeppni U20 Karla A deild	Heraklion	Grikkland	Litháen-Serbía
11.10.2017	EuroCup kvenna	Umea	Svíþjóð	Umea Udoinate-Sparta&K M.R. Vidnoje
17.10.2017	EuropeCup karla	Brussel	Belgía	Basic-Fit Brussels-Keravanos
18.10.2017	EuropeCup karla	Mons	Belgía	Belfius Mons-Hainaut-Sigal Prishtina
25.10.2017	Euroleague kvenna	Bourges	Frakkland	Bourges Basket - Galatasary
31.10.2017	EuropeCup karla	Charleroi	Belgía	Proximus Spirou-Bnei Rav-Bariach Herzliya
15.11.2017	Evrópukeppni kvenna, undankeppni	Villeneuve d'Ascq	Frakkland	Frakkland-Rúmenía
6.12.2017	Euroleague kvenna	Bourges	Frakkland	Bourges Basket-Sopron Basket
21.12.2017	EuroCup kvenna	Bydgoszcz	Pólland	Artego Bydgoszcz-DVTK
11.1.2018	EuroCup kvenna	Riga	Lettland	TTT Riga-Mersin
24.1.2018	Euroleague kvenna	Bourges	Frakkland	Bourges Basket-ESBVA LM
22.2.2018	Evrópukeppni karla, forkeppni að forkeppni	Næstved	Danmörk	Danmörk-Albanía
6.3.2018	EuropeCup karla	Ventspils	Lettland	Ventspils-Bakken bears
28.6.2018	Evrópukeppni karla, forkeppni að forkeppni	Lúxemborg	Lúxemborg	Lúxemborg-Portúgal
14.7.2018	Evrópukeppni U20 karla A deild	Chemnitz	Þýskaland	Úkraína-Spánn
15.7.2018	Evrópukeppni U20 karla A deild	Chemnitz	Þýskaland	Svartfjallaland-Bretland
16.7.2018	Evrópukeppni U20 karla A deild	Chemnitz	Þýskaland	Ísrael-Grikkland
18.7.2018	Evrópukeppni U20 karla A deild	Chemnitz	Þýskaland	Tyrkland-Úkraína
19.7.2018	Evrópukeppni U20 karla A deild	Chemnitz	Þýskaland	Króaía-Ítalía
21.7.2018	Evrópukeppni U20 karla A deild	Chemnitz	Þýskaland	Úkraína-Bretland
22.7.2018	Evrópukeppni U20 karla A deild	Chemnitz	Þýskaland	Serbía-Tyrkland

Leifur S. Garðarsson dæmdi eftirfarandi leiki:

Dags	Mót	Borg	Land	Leikur
8.7.2017	Evrópukeppni U20 kvenna B deild	Eilat	Ísrael	Bretland-Írland
9.7.2017	Evrópukeppni U20 kvenna B deild	Eilat	Ísrael	Rúmenía-Bretland
10.7.2017	Evrópukeppni U20 kvenna B deild	Eilat	Ísrael	Hvíta Rússland-Írland
12.7.2017	Evrópukeppni U20 kvenna B deild	Eilat	Ísrael	Bretland-Hvíta Rússland
13.7.2017	Evrópukeppni U20 kvenna B deild	Eilat	Ísrael	Hvíta Rússland-Ísrael
15.7.2017	Evrópukeppni U20 kvenna B deild	Eilat	Ísrael	Tékkland-Bretland
16.7.2017	Evrópukeppni U20 kvenna B deild	Eilat	Ísrael	Úkraína-Rúmenía
23.11.2017	EuroCup kvenna	Umea	Svíþjóð	Umea Udoinate-Artego Bydgoszcz

Jóhannes Páll Friðriksson dæmdi eftirfarandi leiki:

Dags	Mót	Borg	Land	Leikur
3.8.2018	Evrópukeppni U18 kvenna B deild	Gussing	Austurríki	Ísrael-Sviss
4.8.2018	Evrópukeppni U18 kvenna B deild	Oberwart	Austurríki	Litháen-Grikkland
5.8.2018	Evrópukeppni U18 kvenna B deild	Furstenfeld	Austurríki	Bretland-Svartfjallaland
7.8.2018	Evrópukeppni U18 kvenna B deild	Gussing	Austurríki	Rúmenía-Finnland
8.8.2018	Evrópukeppni U18 kvenna B deild	Furstenfeld	Austurríki	Tyrkland-Holland
10.8.2018	Evrópukeppni U18 kvenna B deild	Gussing	Austurríki	Bretland-Slóvakía
11.8.2018	Evrópukeppni U18 kvenna B deild	Oberwart	Austurríki	Portúgal-Úkraína
12.8.2018	Evrópukeppni U18 kvenna B deild	Furstenfeld	Austurríki	Noregur-Georgía
21.11.2018	Evrópukeppni kvenna, undankeppni	Manchester	England	Bretland-Portúgal

Davíð Tómas Tómasson dæmdi eftirfarandi leiki:

Dags	Mót	Borg	Land	Leikur
30.11.2017	EuroCup kvenna	Umea	Svíþjóð	Umea Udoinate-MBA Moscow
27.7.2018	Evrópukeppni U18 karla B deild	Skopje	Makedónía	Georgía-Eistland
28.7.2018	Evrópukeppni U18 karla B deild	Skopje	Makedónía	Belgía-Austurríki
29.7.2018	Evrópukeppni U18 karla B deild	Skopje	Makedónía	Azerbáijan-Ungverjaland
31.7.2018	Evrópukeppni U18 karla B deild	Skopje	Makedónía	Rúmenía-Pólland
1.8.2018	Evrópukeppni U18 karla B deild	Skopje	Makedónía	Eistland-Austurríki
3.8.2018	Evrópukeppni U18 karla B deild	Skopje	Makedónía	Danmörk-Makedónía
4.8.2018	Evrópukeppni U18 karla B deild	Skopje	Makedónía	Hvíta Rússland-Svíþjóð
5.8.2018	Evrópukeppni U18 karla B deild	Skopje	Makedónía	Danmörk-Georgía
9.8.2018	Evrópukeppni U16 karla B deild	Sarajevó	Bosnía	Tékkland-Sviss
10.8.2018	Evrópukeppni U16 karla B deild	Sarajevó	Bosnía	Bretland-Rúmenía
11.8.2018	Evrópukeppni U16 karla B deild	Sarajevó	Bosnía	Slóvakía-Makedónía
13.8.2018	Evrópukeppni U16 karla B deild	Sarajevó	Bosnía	Kosovó-Hvíta Rússland
14.8.2018	Evrópukeppni U16 karla B deild	Sarajevó	Bosnía	Svíþjóð-Bretland
16.8.2018	Evrópukeppni U16 karla B deild	Sarajevó	Bosnía	Írland-Danmörk
17.8.2018	Evrópukeppni U16 karla B deild	Sarajevó	Bosnía	Bretland-Pólland
18.8.2018	Evrópukeppni U16 karla B deild	Sarajevó	Bosnía	Noregur-Kýpur
20.9.2018	FIBA Europe Cup	Kongsberg	Noregur	Kongsberg Miners - Cherkaski Mavpy
24.10.2018	FIBA Europe Cup	Dnepropetrovsk	Ukraina	BC Dnipro - Aris
31.10.2018	Euroleague kvenna	Charleroi	Belgía	Castors Braine - ESBVA-LM
1.11.2018	Eurocup kvenna	Sint Katelijne Wave	Belgía	BBC Sint-Katelijne Waver - Eific Fribourg
7.11.2018	Euroleague kvenna	Charleville-Mezere	Frakkland	Carolo Basket-Hatay BB
14.11.2018	FIBA Europe Cup	Charleroi	Belgía	Spirou Basket-Istanbul BBSK
30.1.2018	Euroleague kvenna	Charleville-Mezere	Frakkland	Carolo Basket-TTT Riga

Aðalsteinn Hjartarson dæmdi eftirfarandi leiki:

Dags	Mót	Borg	Land	Leikur
17.8.2017	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Skopje	Makedónía	Moldova-Belgía
18.8.2017	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Skopje	Makedónía	Finnland-Eistland
19.8.2017	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Skopje	Makedónía	Írland-Belgía
21.8.2017	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Skopje	Makedónía	Portúgal-Noregur
22.8.2017	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Skopje	Makedónía	Írland-Ukraina
24.8.2017	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Skopje	Makedónía	Slóvenía-Búlgaría
25.8.2017	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Skopje	Makedónía	Eistland-Lúxemborg
26.8.2017	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Skopje	Makedónía	Maekdónía-Bretland
23.11.2017	EuroCup kvenna	Riga	Lettland	TTT Riga-Gorzow
10.1.2018	EuroCup kvenna	Venezia	Ítalía	Reyer Venezia-Saint-Amand
16.8.2018	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Pordogrica	Svartfjallaland	Rúmenía-Sviss
17.8.2018	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Pordogrica	Svartfjallaland	Portúgal-Slóvenía
18.8.2018	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Pordogrica	Svartfjallaland	Albáina-Ukraina
20.8.2018	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Pordogrica	Svartfjallaland	Lúxemborg-Kosovo
23.8.2018	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Pordogrica	Svartfjallaland	Eistland-Bretland
20.8.2018	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Pordogrica	Svartfjallaland	Bretland-Írland
20.8.2018	Evrópukeppni U16 kvenna B deild	Pordogrica	Svartfjallaland	Makedónía-Kosovo
21.11.2018	Evrópukeppni kvenna, undankeppni	Manchester	England	Bretland-Portúgal

Pétur Hrafn Sigurðsson var eftirlitsmaður á eftirfarandi leikjum:

Dags	Mót	Borg	Land	Leikur
1.11.2017	FIBA Europe Cup	Joensuu	Finnland	Kataja Basket-Momar Bar
11.11.2017	Evrópukeppni kvenna, undankeppni	Amsterdam	Holland	Holland-Ukraina
Dags	Mót	Borg	Land	Leikur
1.11.2017	FIBA Europe Cup	Joensuu	Finnland	Kataja Basket-Momar Bar
11.11.2017	Evrópukeppni kvenna, undankeppni	Amsterdam	Holland	Holland-Ukraina

Rúnar Birgir Gíslason var eftirlitsmaður á eftirfarandi leikjum:

Dags	Mót	Borg	Land	Leikur
14.12.2017	EuroCup kvenna	Umea	Svíþjóð	Umea-Basket 90 Gdynia
11.1.2018	EuroCup kvenna	Riga	Lettland	TTT Riga-Mersin
24.1.2018	EuropeCup karla	Aarhus	Danmörk	Bakken bears - Tsmoki Minsk
10.2.2018	Evrópukeppni kvenna, undankeppni	Boras	Svíþjóð	Svíþjóð-Ítalía
22.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Malta-Irland
22.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Kýpur-Gíbraltar
23.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Moldova-Malta
23.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Írland-Armenía
24.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Armenía-Moldova
24.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Kosovo-Kýpur
26.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Mónakó-Malta
26.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Kosovo-Gíbraltar
27.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	San Maríno-Malta
27.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Gíbraltar-Armenía
28.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Írland-Kosovo
28.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Kýpur-Mónakó
29.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	San Maríno-Moldova
29.7.2018	Evrópukeppni U18 karla C deild	Pristina	Kosovo	Gíbraltar-Malta
16.9.2018	Evrópukeppni karla, forkeppni að forkeppni	Kaupmannahöfn	Danmörk	Danmörk-Svíþjóð
20.9.2018	FIBA Europe Cup	Kongsberg	Noregur	Kongsberg Miners - Cherkaski Mavpy
24.10.2018	EuroCup kvenna	Umea	Svíþjóð	A3 basket Umea - Botas Spor
30.10.2018	FIBA Europe Cup	Aarhus	Danmörk	Bakken bears - Z Mobile Prishtina
19.12.2018	FIBA Europe Cup	Joensuu	Finnland	Kataja basket - Bakken Bears
3.1.2019	EuroCup kvenna	Reze	Frakkland	Nantes Reze - Energa Torun
23.1.2019	FIBA Europe Cup	Joensuu	Finnland	Kataja basket - Avator Saratov
20.2.2019	Euroleague kvenna	Riga	Lettland	TTT Riga-Sopron

Á Smáþjóðaleikumum í San Marino 2017 dæmdu Sigmundur Már Herbertsson og Leifur S. Garðarsson fyrir hönd Íslands.

Á Norðurlandamót unglíngalandsliða 2017 fóru Davíð Tómasson, Georgía Olga Kristiansen, Jóhannes Páll Friðriksson og Þorkell Már Einarsson sem dómara og Kristinn Óskarsson sem FIBA leiðbeinandi. Árið 2018 fóru á NM Jóhannes Páll Friðriksson, Aron Rúnarsson, Georgía Olga Kristiansen og Gunnar Þór Andrésson sem dómara og Jón Bender sem leiðbeinandi. Friðrik Árnason og Aron Rúnarsson fóru á Copenhagen-Invitational með U15 ára landsliðum karla og kvenna árið 2017 og árið 2018 fóru Helgi Jónsson og Sigurður Jónsson. FIBA er farið af stað með svokallað SCOD verkefni sem Hannes Jónsson á hugmyndina að. FIBA hefur tilnefnt Bretann Neil Wilkinson sem leiðbeinanda Íslands og kom hann til landsins í kringum bikarhelgarnar í febrúar síðast liðin og horfði á um 20 dómara dæma og gaf þeim endurgjöf. Hann kemur svo aftur í byrjun maí þegar fyrri helgi úrslita yngri flokka verður leikin, verkefnið hefur varið í þrjú ár. Ísland fékk úthlutað frá FIBA þremur svörtum leyfum fyrir alþjóðlega dómara, en þau leyfi fengu Sigmundur Már Herbertsson, Leifur Garðarsson og Aðalsteinn Hjartarson. Sigmundur og Leifur hættu að dæma fyrir FIBA í september 2018 fyrir aldurs sakir. Davíð Tómas Tómasson og Jóhannes Páll Friðriksson fengu hvítt leyfi. Ísland fékk nýjan kvóta frá FIBA í janúar 2019 fjóra dómara og tvo eftirlitsmenn, tilnefndir verða Aðalsteinn Hjartarson, Davíð Tómas Tómasson, Jóhannes Páll Friðriksson og Ísak Ernir Kristinsson sem FIBA dómara Íslands. Enn er ekki afráðið hverjir verða tilnefndir FIBA eftirlitsmenn Íslands.

Dómaranefnd þakkar skrifstofu sambandsins fyrir gott samstarf.

Skýrsla afreksnefndar KKÍ 2017-2019

Það er hægt að fullyrða að ákveðin festa sé komin í landsliðsstarf KKÍ. Hátt í 700 iðkendur taka þátt á hverju ári í Úrvalsbúðum og Afreksbúðum sem haldnar eru um vor og haust. Úrvalsbúðir eru fyrir fyrir 11 til 13 ára iðkendur og eru rúmlega 700 börnum boðið í búðirnar. Afreksbúðir eru haldnar fyrir 14 ára leikmenn og eru þeim sem þykja framúrskarandi, eða um 50 til 60 iðkendum, boðið að taka þátt í búðunum af yfirþjálfara þeirra. Í framhaldi tekur við mót fyrir U15 í Kaupmannahöfn og þar sem fjögur lið leika á mótinu ár hvert [2 x 9 manna lið drengja og stúlkna].

Norðurlandamótið hefur verið haldið undanfarin ár í Finnlandi þar sem aðstæður eru til fyrirmyndar. Ísland hefur átt þar fjögur lið í U16 og U18 ár hvert. Árangurinn hefur verið til fyrirmyndar og þar stendur upp úr Norðurlandatitill hjá karlalandsliðinu skipað leikmönnum 18 ára og yngri. Sömu lið fara í kjölfar Norðurlandamótsins á Evrópumót ásamt 20 ára landsliðunum.

Eins og körfuboltaheimurinn þekkir tók U20 karlaliðið í fyrsta skipti þátt í A-riðli Evrópumótsins árið 2017. Þá fór mótið fram á Krít í Grikklandi. Fyrir mótið var haldið æfingamót hér heima þar sem mættu lið Svía, Finna og Ísraela. Mótið reyndist vera einstök reynsla fyrir leikmenn, þjálfara og stjórnendur sambandsins.

Liðið lék vel og hafnaði í 8. sæti EM og tryggði sér þar með áframhaldandi sæti í A-deild sumarið 2018. Það ár fór mótið fram í Chemnitz í Þýskalandi dagana 14. til 18. júlí 2018. Á því móti hafnaði liðið í 15. og næst neðsta sæti deildarinnar og féll því aftur í B-deild þar sem liðið leikur í sumar.

Eina besta ákvörðun okkar var að ráða yfirþjálfara yngri landsliða. Hlutverk hans hefur verið að samræma áherslur sambandsins í þróun í varnar- og sóknarleik liðanna. Yfirþjálfari hefur jafnframt unnið náið með teyllum A-landsliðanna til að auðvelda færslu leikmanna milli aldurshópa og undirbúa þau til að keppa á hæsta stigi landsliðsstarfsins sem eru A-landslið okkar. Einar Árni Jóhannsson lét af störfum yfirþjálfara sumarið 2018 og haustið 2018 var Finnur Freyr Stefánsson ráðinn í það starf.



A-landslið karla komst í annað sinn á lokamót, EuroBasket 2017 í Helsinki. Liðið var í riðli með Finnlandi, Frakklandi, Póllandi, Grikkland og Slóveníu sem enduðu sem Evrópumeistarar 2017.

Undirbúningur fyrir mótið hófst á Smáþjóðaleikum í San Marínó. Þar fengu þjálfara liðsins tækifæri til að skoða yngri leikmenn og undirbúa um leið U20 liðið. Belgar heimsóttu okkar í júlí mánuði og spiluðu tvo leiki, í Smáranum og á Akranesi. Framhaldið á þeim leikjum voru leiknir æfingaleikir gegn Þýskalandi, Ungverjalandi, Rússlandi og Litháen.

Næsta verkefni var liðsins eftir EM var undankeppni HM þar sem liðið var í riðli með Tékklandi, Búlgaríu og Finnlandi. Því miður náðist ekki þau markmið sem voru sett og ljóst að liðið þarf að fara í gegnum milliriðla til geta keppt í næstu undankeppni Eurobasket sem haldið verð 2021. Úrslit í HM fara fram 2019 í Kína þar sem Ísland verður ekki þátttakandi. Þjálfarar liðsins á tímabilinu voru Craig Pedersen, Finnur Freyr Stefánsson og Arnar Guðjónsson. Arnar Guðjónsson lét af störfum sumarið 2018. Þrek- og styrktarþjálfarar voru þeir Baldur Þór Ragnarsson og Gunnar Einarsson og sjúkráþjálfari Jóhannes Marteinsson.

A-landslið kvenna lék eftir nýju fyrirkomulag í undankeppni EM en keppt var í gluggum vor og haust. Það reyndist erfitt fyrir leikmenn okkar sem spila í háskóladeildum þar sem vonlítið er að fá frí á þessum tíma frá háskólakeppninni. NCAA er ekki hlutaðeigandi að FIBA og skólarnir þurfa því ekki að hlýta fyrirmælum frá FIBA.

Liðið var í riðli með Svartfjallalandi, Slóvakíu og Bosníu. Liðið spilaði tvo æfingaleiki gegn Írum og tvo gegn Lúxemborg í undanfara að EM undankeppninni. Auk þess tók liðið þátt í Smáþjóðaleikjum í San Marínó. Þjálfarar liðsins á tímabilinu voru þau Ívar Ásgrímsson, Hildur Sigurðardóttir og Bjarni Magnússon sem lét af störfum í janúar 2018. Sævaldur Bjarnason kom inn sem aðstoðarþjálfari í síðasta „glugganum“. Arnar Sigurðsson hefur séð um styrktarþjálfun og Sædís Magnúsdóttir sjúkráþjálfun.



Afreksstarfið okkar er skipað A flokk hjá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands. Til að vera skilgreint sem A-sér samband þarf afreksstarfið að fela í sé reglulega þátttöku á stórmótum í viðkomandi íþróttagrein. Til að geta verið í umræddum flokki þarf sambandið að hafa afrekstjóra í fullu starfi og gerð er krafa um fagteymi í kringum afrekshópana. Kristinn Geir Pálsson hefur gegnt störfum afrekstjóra undanfarin ár. Það hvílir mest á honum að finna æfingaaðstöðu handa öllum hópunum svo ekki sé minnst á Afreks- og Úrvalsbúðirnar. Með auknu fjármagni frá afrekssjóði sem núna er um 400 milljónir opnast dyr til frekari þátttöku en hins vegar er vöntun á æfinga- og keppnisaðstöðu að verða stærsta hindrunin í frekari uppbyggingu á afreksstarfinu.

Verkefni landsliða 2017 - mars 2019:

Landslið kvenna 2017-2019

Smáþjóðaleikar í San Marínó 29. maí – 3. júní 2017

Ísland 49:68 Malta

Ísland 63:47 Kýpur

Ísland 59:44 Lúxemborg

Ísland lenti í 2. sæti á mótinu og hlaut silfur.

Leikmenn Íslands á Smáþjóðaleikunum 2017:

Berglind Gunnarsdóttir · Snæfell

Birna Valgerður Benónýsdóttir · Keflavík

Emelía Ósk Gunnarsdóttir · Keflavík

Hallveig Jónsdóttir · Valur

Helena Sverrisdóttir · Haukar

Hildur Björg Kjartansdóttir · UTPA, USA / Snæfell

Ingunn Embla Kristínardóttir · Grindavík

Ragna Margrét Brynjarsdóttir · Stjarnan

Sandra Lind Þrastardóttir · Horsholms 79'ers, DK

Sara Rún Hinriksdóttir · Canisius, USA / Keflavík

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir · Skallagrímur

Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík

Birna V. Benónýsdóttir lék sína fyrstu landsleiki fyrir A-lið kvenna á leikunum.



Þjálfari: Ívar Ásgrímsson
Aðstoðarþjálfari: Bjarni Magnússon

Æfingaleikir í Cork og Dublin á Írlandi í júní 2017

Ísland 69:63 Írland

Ísland 59:74 Írland

Leikmenn Íslands í Írlandi:

Ragnheiður Benónisdóttir · Skallagrímur

Hildur Björg Kjartansdóttir · Snæfell

Hallveig Jónsdóttir · Valur

Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur

Ingunn Embla Kristínardóttir · Grindavík

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir · Skallagrímur

Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík

Emelía Ósk Gunnarsdóttir · Keflavík

Salbjörg Ragna Sævarsdóttir · Keflavík

Þóra Kristín Jónsdóttir · Haukar

Erna Hákonardóttir · Keflavík

Berglind Gunnarsdóttir · Snæfell

Dagbjört Dögg, Erna og Þóra Kristín léku sína fyrstu A-landsliðsleiki í Írlandi.

Þjálfari: Ívar Ásgrímsson

Aðstoðarþjálfari: Bjarni Magnússon [lét af störfum eftir sumarið]



Undankeppni EuroBasket 2019 sem hófst í nóvember 2017
Ísland 62:84 Svartfjallaland (heima)
Ísland 62:84 Slóvakía (úti)

Leikmenn Íslands í undankeppni EuroBasket 2019 í nóvember:

Helena Sverrisdóttir · Haukar
Hildur Björg Kjartansdóttir · Legonés, Spánn
Hallveig Jónsdóttir · Valur
Ragnheiður Benónisdóttir · Valur
Sigrún Sjöfn Ámundardóttir · Skallagrímur
Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík
Sandra Lind Þrastardóttir · Horsholm, DK
Þóra Kristín Jónsdóttir · Haukar
Birna Valgerður Benónýsdóttir · Keflavík
Berglind Gunnarsdóttir · Snæfell
Guðbjörg Sverrisdóttir · Valur
Ragna Margrét Brynjarsdóttir · Stjarnan

Elín Sóley Hrafnkelsdóttir, Breiðablik, Embla Kristínardóttir og Emelía Ósk Gunnarsdóttir Keflavík voru einnig í æfingahóp. Emelía Ósk og Elín Sóley léku síðari leikinn ytra gegn Slóvakíu og þá hvíldu Ragnheiður og Ragna Margrét.

Þjálfari: Ívar Ásgrímsson
Aðstoðarþjálfari: Hildur Sigurðardóttir.

Æfingaferð til Lúxemborgar milli jóla og nýárs 2017 í Lúxemborg

Ísland 53:55 Lúxemborg

Ísland 60:76 Lúxemborg

(auk þess lék liðið einn leik gegn U22 liði Hollands, telst ekki sem landsleikur)



Leikmenn Íslands á æfingamótinu í Lúxemborg:

Berglind Gunnarsdóttir · Snæfell
Birna Valgerður Benónýsdóttir · Keflavík
Dýrfinna Arnardóttir · Haukar
Elín Sóley Hrafnkelsdóttir · Valur
Guðbjörg Sverrisdóttir · Valur
Hildur Björg Kjartansdóttir · Spánn
Isabella Ósk Sigurðardóttir · Breiðablik
Ragna Margrét Brynjarsdóttir · Stjarnan
Sandra Lind Þrastardóttir · Danmörk
Sóllilja Bjarnadóttir · Breiðablik
Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík
Þóra Kristín Jónsdóttir · Haukar

Undankeppni EuroBasket 2019 · Febrúar gluggi 2018

Ísland 67:97 Bosnía [úti]

Ísland 37:69 Svartfjallaland [úti]

Leikmenn Íslands

Berglind Gunnarsdóttir · Snæfell
Dýrfinna Arnardóttir · Haukar
Elín Sóley Hrafnkelsdóttir · Valur
Guðbjörg Sverrisdóttir · Valur
Helena Sverrisdóttir · Haukar
Hildur Björg Kjartansdóttir · Legonés, Spánn
Isabella Ósk Sigurðardóttir · Breiðablik
Jóhanna Björk Sveinsdóttir · Skallagrímur
Rósa Björk Pétursdóttir · Haukar
Sandra Lind Þrastardóttir · Horsholm, DK
Sóllilja Bjarnadóttir · Breiðablik
Þóra Kristín Jónsdóttir · Haukar
Rósa Björk Pétursdóttir lék sinn fyrsta leik fyrir landslið kvenna.
Sigrún Sjöfn Ámundadóttir var valin en var meidd og dró sig úr hóp fyrir brottför.

Þjálfari: Ívar Ásgrímsson. Aðstoðarþjálfari: Hildur Sigurðardóttir.



Undankeppni EuroBasket 2019 · Nóvember gluggi 2018

Ísland 52:82 Slóvakía [heima]

Íslands 74:84 Bosnía [heima]

Leikmenn Íslands í undankeppni EuroBasket 2019 · Nóvember gluggi 2018

Berglind Gunnarsdóttir · Snæfell

Birna Valgerður Benónýsdóttir · Keflavík

Bríet Sif Hinriksdóttir · Stjarnan

Embla Kristínardóttir · Keflavík

Guðbjörg Sverrisdóttir · Valur

Gunnhildur Gunnarsdóttir · Snæfell

Hallveig Jónsdóttir · Valur

Helena Sverrisdóttir · CEKK Cegléd

Hildur Björg Kjartansdóttir · Celta de Vigo

Ragnheiður Benónísdóttir · Stjarnan

Sigrún Björg Ólafsdóttir · Haukar

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir · Skallagrímur

Sóllilja Bjarnadóttir · Breiðablik

Unnur Tara Jónsdóttir · KR

Þóra Kristín Jónsdóttir · Haukar

Ragnheiður Benónísdóttir, Stjörnuni, Sigrún Björg Ólafsdóttir, Haukum og Sóllilja Bjarnadóttir, Breiðablik hvíldu fyrri leikinn. Birna Benónýsdóttir hvíldi í síðari leiknum og Sóllilja Bjarnadóttir kom inn.

Þjálfari: Ívar Ásgrímsson

Aðstoðarþjálfari: Hildur Sigurðardóttir og Sævaldur Bjarnason í leikgreiningu.

Landslið karla 2017-2019

Smáþjóðaleikar San Marini 29. maí – 3. júní 2017

Ísland 57:71 Kýpur

Ísland 95:53 San Marínó

Ísland 83:81 Andorra

Ísland 73:86 Lúxemborg

Ísland 61:86 Svartfjallaland

Ísland hafnaði í 3. sæti á mótinu og hlaut brons.

Leikmenn Íslands á Smáþjóðaleikunum 2017:

Emil Karel Einarsson · Þór Þorlákshöfn

Gunnar Ólafsson · St. Francis, USA / Keflavík

Jón Axel Guðmundsson · Davidson, USA / Grindavík

Kári Jónsson · Drexler, USA / Haukar

Kristinn Pálsson · Marist, USA / Njarðvík

Kristófer Acox · KR

Maciej Baginski · Þór Þorlákshöfn

Matthías Orri Sigurðarson · ÍR

Ólafur Ólafsson · Grindavík

Pétur Rúnar Birgisson · Tindastóll

Tryggvi Snær Hlinason · Þór Akureyri

Þórir Guðmundur Þorbjarnarsson · KR

Emil Karel, Gunnar, Jón Axel, Kristinn, Maciej, Matthías Orri, Pétur Rúnar og Þórir Guðmundur léku sína fyrstu A-landsliðsleiki á mótinu.

Þjálfari: Finnur Freyr Stefánsson

Aðstoðarþjálfari: Baldur Þór Ragnarsson

Æfingamót Landsliðs karla í Kazan, Rússlandi [Rússland, Ungverjaland, Þýskaland]

Ísland 66:90 Þýskaland

Ísland 60:56 Ungverjaland

Ísland 82:69 Rússland

Martin Hermannsson var valinn í úrvalslíð mótsins.

Æfingaleikir gegn Ungverjum í Székesfehervár, Ungverjalandi 19.-20. September:

Ísland 66:81 Ungverjaland

Ísland 67:82 Ungverjaland

Æfingaleikur gegn Litháen í Šiauliai, í Litháen 23. september:


Ísland 62:84 Litháen

Leikmenn Íslands á mótinu í Rússlandi, í leikjunum gegn Ungverjum og Litháen
Brynjar Þór Björnsson · KR

Elvar Már Friðriksson · Barry University, USA
Haukur Helgi Pálsson · Cholet Basket, Frakkland
Hlynur Bæringsson · Stjarnan
Hörður Axel Vilhjálmsson · Astana, Kasakstan
Jón Arnór Stefánsson · KR
Kristófer Acox · KR
Logi Gunnarsson · Njarðvík
Martin Hermannsson · Châlon-Reims, Frakkland
Ólafur Ólafsson · Grindavík
Pavel Ermolinskij · KR
Sigryggur Arnar Björnsson · Tindstóll
Tryggvi Snær Hlinason · Valencia, Spánn
Ægir Þór Steinarsson · San Pablo Inmobiliaria, Spánn

Þjálfari: Craig Pedersen

Aðstoðarþjálfarar: Finnur Freyr Stefánsson og Arnar Guðjónsson.



EuroBasket 2017 í Helsinki, Finnlandi

Ísland lék í riðli með Póllandi, Slóveníu, Grikkjum og Finnlandi. Slóvenía, Finnland og Grikkir fóru áfram upp úr riðlinum í úrslitakeppnina og Slóvenía endaði sem Evrópumeistari.

Leikir Íslands á EuroBasket 2017

Ísland 61:90 Grikkland

Ísland 61:91 Pólland

Ísland 79:115 Frakkland

Ísland 75:102 Slóvenía

Ísland 83:79 Finnland



Leikmenn Íslands á EuroBasket 2017:

Brynjar Þór Björnsson · KR

Elvar Már Friðriksson · Barry University, USA

Haukur Helgi Pálsson · Cholet Basket, Frakkland

Hlynur Bæringsson · Stjarnan

Hörður Axel Vilhjálmsson · Astana, Kasakstan

Jón Arnór Stefánsson · KR

Kristófer Acox · KR

Logi Gunnarsson · Njarðvík

Martin Hermannsson · Châlon-Reims, Frakkland

Pavel Ermolinskij · KR

Tryggvi Snær Hlinason · Valencia, Spánn

Ægir Þór Steinarsson · San Pablo Inmobiliaria, Spánn

Sigtryggur Arnar Björnsson og Ólafur Ólafsson voru í 14 manna hóp fyrir mótið en léku ekki á EM2017.

Þjálfari: Craig Pedersen

Aðstoðarþjálfarar: Finnur Freyr Stefánsson og Arnar Guðjónsson.

Undankeppni FIBA World Cup 2019 · Nóvember gluggi 2017

Ísland var í riðli með Tékklandi, Finnlandi og Búlgaríu.

Ísland 69:89 Tékkland [úti]

Ísland 74:77 Búlgaría [heima]

Leikmenn Íslands í HM glugganum í nóvember:

Axel Kárasón · Tindastóll

Brynjar Þór Björnsson · KR

Haukur Helgi Pálsson Briem · Cholet Basket, Frakkland

Hlynur Bæringsson · Stjarnan

Jakob Örn Sigurðarson · Boras Basket, Svíþjóð

Kári Jónsson · Haukar
Kristófer Acox · KR
Logi Gunnarsson · Njarðvík
Martin Hermannsson · Charleville, Frakkland
Ólafur Ólafsson · Grindavík
Pavel Ermolinskij · KR
Sigtryggur Arnar Björnsson · Tindastóll
Tómas Þórður Hilmarsson · Stjarnan
Tryggvi Snær Hlinason · Valencia, Spánn



Ægir Þór Steinarsson, Elvar Már Friðriksson, Hörður Axel Vilhjálmsson og Jón Arnór Stefánsson voru frá vegna meiðsla eða áttu ekki heimagengt.

Axel Kárason, Tindastóll, og Tómas Þórður Hilmarsson, Stjarnan léku fyrri leikinn úti þar sem Pavel var meiðdur og Tryggvi var í leik með félagsliði sínu. Þá fór Brynjar Þór ekki með liðinu út v/ veikinda. Tryggvi lék síðari leikin hér heima gegn Búlgaríu.

Þjálfari: Craig Pedersen

Aðstoðarþjálfarar: Finnur Freyr Stefánsson og Baldur Þór Ragnarsson.

Verkefni 2018:

Undankeppni FIBA World Cup 2019 · Febrúar gluggi 2018

Ísland 81:76 Finnland [heima]

Ísland 76:75 Tékkland [heima]

Undankeppni FIBA World Cup 2019 · júní/júlí gluggi 2018

Ísland 86:88 Búlgaría [úti]

Ísland 77:91 Finnland [úti]

Þjálfari: Craig Pedersen

Aðstoðarþjálfarar: Finnur Freyr Stefánsson og Baldur Þór Ragnarsson

Ísland hafnaði í 4. og neðsta sæti síns riðils og komst ekki áfram í aðra umferð HM-undankeppninnar.

Forkeppni að undankeppni EuroBasket 2021 · September 2018

Ísland lék í riðli með Belgíu og Portúgal.

Ísland 77:80 Portúgal [úti]

Forkeppni að undankeppni EuroBasket 2021 · Nóvember 2018

Ísland 66:79 Belgía [heima]



2019:

Forkeppni að undankeppni EuroBasket 2021 · Febrúar 2019

Ísland 91:67 Portúgal [heima]

Ísland 62:90 Belgía [úti]

Íslenska liðið hafnaði í 2. sæti riðilsins á eftir Belgíu og mun því leika í 3. umferðinni í forkeppninni og þá gegn Sviss og Portúgal heima og að heiman. Efsta liðið að honum

loknum fer í undankeppni EuroBasket 2021 sem hefst haustið 2019.

Yngri landslið Íslands 2017

U15 · Copenhagen Invitational 2017 í Farum, Kaupmannahöfn í júní.

Ísland sendi tvö níu manna liða drengja og stúlkna á mótið. Eftirtaldir leikmenn skipuðu liðin:

U15 stúlkna:

Aníta Sif Kristjánsdóttir	Grindavík
Erna Dís Friðriksdóttir	Njarðvík
Anna Margrét Lucic Jónsdóttir	Grindavík
Bríet Ófeigsdóttir	Breiðablik
Edda Karlsdóttir	Keflavík
Eva María Davíðsdóttir	Keflavík
Gígja Marín Þorsteinsdóttir	Hamar
Helga Sóley Heiðarsdóttir	Hamar
Hjördís Lilja Traustadóttir	Keflavík
Jenný Elísabet Ingvarsdóttir	Keflavík
Jenný Geirdal Kjartansdóttir	Grindavík
Natalía Jenný Lucic Jónsdóttir	Grindavík
Perla María Karlsdóttir	Hrunamenn
Sara Lind Kristjánsdóttir	Keflavík
Thea Ólafía Lucic Jónsdóttir	Grindavík
Telma Rún Ingvadóttir	Keflavík
Þórdís Rún Hjörleifsdóttir	Breiðablik
Þórunn Friðriksdóttir	Njarðvík
Una Rós Unnarsdóttir	Grindavík

Þjálfari liðsins var Árni Þór Hilmarsson og Heiðrún Kristmundsdóttir aðstoðarþjálfari.

U15 drengja:

Leikmenn liðanna:

Arnar Hauksson	Breiðablik
Ástþór Atli Svalason	Valur
Benóný Svanur Sigurðsson	ÍR
Bjarki Freyr Einarsson	Keflavík
Fannar Elí Hafþórsson	Fjölnir
Friðrik Anton Jónsson	Breiðablik
Gabriel Douane Boama	Valur
Gauti Björn Jónsson	Fjölnir
Hafliði Jökull Jóhannesson	ÍR
Hilmir Hallgrímsson	Vestri
Hugi Hallgrímsson	Vestri
Magnús Helgi Lúðvíksson	Stjarnan
Magnús Pétursson	Keflavík
Marinó Þór Pálmason	Skallagrímur

Ólafur Björn Gunnlaugsson
Sveinn Búi Birgisson
Viktor Máni Steffensen
Þorvaldur Orri Árnason

Valur
KR
Fjölnir
KR

Þjálfari liðsins var Ágúst S. Björgvinsson og Snorri Örn Arnaldsson aðstoðarþjálfari.



U16 stúlkna

U16 stúlkna · Norðurlandamótið 2017, Kisakallio, Finnlandi

ISL 35:85 FIN

ISL 50:46 NOR

ISL 62:60 SWE

ISL 64:99 DEN

ISL 75:54 EST

U16 stúlkna lentu í 3. sæti.

FIBA U16 Women · B-deild í Makedoníu

Ísland 49:56 Lúxemborg

Ísland 30:59 Grikkland

Ísland 39:57 Svíþjóð

Ísland 48:63 Ísrael

Ísland 78:55 Albanía [um sæti 17-22]

Ísland 42:43 Bretland [um sæti 17-22]

Ísland 40:41 Noregur

Ísland hafnaði í 19. sæti á mótinu.

Leikmenn Íslands:

Alexandra Eva Sverrisdóttir	Njarðvík
Andra Björk Gunnarsdóttir	Grindavík
Anna Ingunn Svansdóttir	Keflavík
Ásta Júlía Grímsdóttir	KR
Dagrún Inga Jónsdóttir	Njarðvík
Eygló Kristín Óskarsdóttir	KR
Hrefna Ottósdóttir	Þór Akureyri
Ólöf Rún Óladóttir	Grindavík
Sigrún Björg Ólafsdóttir	Haukar
Sigurbjörg Eiríksdóttir	Keflavík
Stefanía Ósk Ólafsdóttir	Haukar
Vigdís María Þórhallsdóttir á EM]	Grindavík [meiddist á NM, Jóhanna Lilja Pálsdóttir lék á EM]

Þjálfari: Daníel Guðni Guðmundsson og Kristjana Eir Jónsdóttir aðstoðarþjálfari.

Ásta Júlía Grímsdóttir leikmaður U16 var valin í úrvalslíð mótsins

U16 drengja

U16 drengja · Norðurlandamótið 2017, Kisakallio, Finnlandi

ISL 75:83 FIN

ISL 87:47 NOR

ISL 75:71 SWE

ISL 90:56 DEN

ISL 85:68 EST

U16 drengja lentu í 2. sæti.

FIBA U16 · B-deild í Búlgaríu

Ísland 80:60 Sviss

Ísland 67:45 Rúmenía

Ísland 77:78 Hvíta-Rússland

Ísland 76:85 Grikkland

Ísland 63:89 Belgía

Ísland 58:62 Pólland [um sæti 9-16]

Ísland 70:66 Makedónía [um sæti 13-16]

Ísland 71:64 Búlgaríu [um 13. sæti]

Ísland hafnaði í 13. sæti mótsins.

Leikmenn Íslands:

Andri Þór Tryggvason	Keflavík
Árni Gunnar Kristjánsson	Stjarnan

Baldur Örn Jóhannesson	bór Akureyri
Dúi Þór Jónsson	Stjarnan
Gunnar Auðunn Jónsson	bór Akureyri
Ingimundur Orri Jóhannsson	Stjarnan
Júlíus Orri Ágústsson	bór Akureyri
Kolbeinn Fannar Gíslason	bór Akureyri
Sigurður Aron Þorsteinsson	Skallagrímur
Sindri Már Sigurðsson	bór Akureyri
Veigar Áki Hlynsson	KR
Veigar Páll Alexandersson	Njarðvík

Þjálfari Viðar Hafsteinsson og Baldur Þór Ragnarsson aðstoðarþjálfari.

U18 stúlkna

U18 stúlkna · Norðurlandamótið 2017, Kisakallio, Finnlandi

ISL 60:79 FIN

ISL 65:48 NOR

ISL 54:67 SWE

ISL 57:79 EST

[Danmörk tók ekki þátt þetta árið]

U18 stúlkna lenti í 4. Sæti

FIBA U18 Womens · B-deild á Írlandi

Ísland 31:104 Þýskaland

Ísland 43:73 Hvíta-Rússland

Ísland 20:0 Danmörk [hættu við þátttöku]

Ísland 52:55 Austurríki

Ísland 117:34 Albanía

Ísland 58:82 Búlgaría [um sæti 9.-16]

Ísland 59:55 Noregur [um sæti 13-16]

Ísland 58:54 Úkraína [um 13. sætið]

Ísland hafnaði í 13. sæti mótsins.

Leikmenn Íslands:

Þórunna Kíka Hodge-Carr	Keflavík
Birna V. Benónýsdóttir	Keflavík
Elsa Albertsdóttir	Keflavík
Katla Rún Garðarsdóttir	Keflavík
Jónína Þórdís Karlsdóttir	Stjarnan
Dagbjört Dögg Karlsdóttir	Valur
Sigrún Elfa Ágústsdóttir	Grindavík
Þórdís Jóna Kristjánsdóttir	Haukar
Ragnheiður Björk Einarsdóttir	Haukar
Anna Lóa Óskarsdóttir	Haukar
Hulda Bergsteinsdóttir	Njarðvík
Erna Freydís Traustadóttir	Njarðvík

Þjálfari: Finnur Jónsson og Sævaldur Bjarnason aðstoðarþjálfari

U18 drengja

U18 drengja · Norðurlandamótið 2017, Kisakallio, Finnlandi

ISL 69:74 FIN

ISL 57:62 NOR

ISL 50:80 SWE

ISL 74:70 DEN

ISL 86:75 EST

U18 drengja lenti í 5. sæti

FIBA U18 · B-deild í Tallinn, Eistlandi

Ísland 92:70 Georgía

Ísland 74:72 Ungverjaland

Ísland 78:71 Hvíta-Rússland

Ísland 45:75 Króatía

Ísland 77:76 Búlgaría

Ísland 71:63 Svíþjóð [um sæti 9-16]

Ísland 65:56 Portúgal [um sæti 9-12]

Ísland 78:87 Belgía [um 9. sæti]

Ísland hafnaði í 10. sæti mótsins.

Leikmenn Íslands:

Hákon Hjálmarsson	ÍR
Ingvar Hrafn Þorsteinsson	ÍR
Gabriel Sindri Möller	Njarðvík
Sigvaldi Eggertsson	KR
Orrí Hilmarsson	KR
Hlynur Logi Ingólfsson	Fjölnir
Hilmar Henningsson	Haukar
Hilmar Pétursson	Haukar
Ísak Sigurðarson	Haukar
Arnór Sveinsson	Keflavík
Nökkvi Már Nökkvason	Grindavík
Bjarni Guðmann Jónsson	Skallagrímur

Þjálfari: Friðrik Ingi Rúnarsson og Lárus Jónsson aðstoðarþjálfari.

U20 karla

U20 Æfingamót, Laugardalshöllinni, Reykjavík 19-21. júní 2017.

Ísland 61:58 Svíþjóð

Ísland 74:81 Ísrael

Ísland 60:75 Finnland

FIBA U20 European Championship · Krít, Grikklandi

U20 ára lið karla lék í A-deild karla í fyrsta sinn í sögu KKÍ eftir að hafa náð 2. sætinu í B-deildinni árið á undan.

Ísland 50:58 Frakkland

Ísland 66:82 Tyrkland

Ísland 60:50 Svartfjallaland

Ísland 73:39 Svíþjóð

Ísland 54:74 Ísrael [8-liða úrslit]

Ísland 67:89 Serbía [leikur um sæti 5-8]

Ísland 73:79 Þýskaland [leikur um sæti 7-8]

Ísland hafnaði í 8. sæti og tryggði sér áframhaldandi veru í A-deild með glæsibrag.

Tryggvi Snær Hlinason var valinn í úrvalslíð mótsins, fyrstur íslenskra körfuknattleiksleikmanna til að afreka það.



Lið Íslands á U20-mótinu hér heima í Laugardalshöllinni og á EM:

Kári Jónsson · Drexel, USA

Halldór Garðar Hermannson · Þór Þorlákshöfn

Arnór Hermannsson · KR

Kristinn Pálsson · Marist, USA

Þórir Guðmundur Þorbjarnarson · KR

Eyjólfur Ásberg Halldórsson · Skallagrímur

Snjólfur Stefánsson · Njarðvík

Snorri Vignisson · Breiðablik

Ingvi Þór Guðmundsson · Grindavík

Breki Gylfason · Haukar

Sæþór Kristjánsson · ÍR

Sveinbjörn Jóhannesson · Breiðablik [meiddur og lék ekki á EM]

Tryggvi Snær Hlinason · Þór Akureyri

Þjálfari: Finnur Freyr Stefánsson

Aðstoðarþjálfarar: Baldur Þór Ragnarsson og Einar Árni Jóhannsson

U20 kvenna

FIBA U20 Women European Championship · Oradea, Rúmenía

Ísland 42:72 Grikkland

Ísland 36:68 Slóvakía

Ísland 54:73 Úkraína

Ísland 44:55 Tékkland

Ísland 36:53 Þýskaland

Ísland 44:56 Rúmenía [leikur um sæti 9-12]

Ísland 64:54 Írland [leikur um 11. sætið]

Ísland hafnaði í 11. sæti mótsins.

Leikmenn Íslands:

Björk Gunnarsdóttir · Njarðvík

Dagný Lía Davíðsdóttir · Hamar

Dýrfinna Arnardóttir · Haukar

Elín Sóley Hrafnkelsdóttir · Valur

Emelía Ósk Gunnarsdóttir · Keflavík

Irena Sól Jónsdóttir · Keflavík

Júlía Scheving Steinþórsdóttir · Njarðvík

Linda Þórdís Barðdal Róbertsdóttir · Njarðvík

Thelma Dís Gunnarsdóttir · Keflavík

Þóra Kristín Jónsdóttir · Haukar

Isabella Ósk Sigurðardóttir · Breiðablik

Rósa Björk Pétursdóttir · Haukar

Þjálfari: Bjarni Magnússon og Árni Eggert Harðarson aðstoðarþjálfari.

Yngri landslið Íslands 2018

U15 · Copenhagen Invitational 2018 í Farum, Kaupmannahöfn í júní.

Ísland sendi tvö níu manna liða drengja og stúlkna á mótið. Eftirtaldir leikmenn skipuðu liðin:

U15 stúlkna · CPH-I 2018

Stelpuliðin tvö höfnuðu í 3. og 7. sæti á mótinu en öll liðin léku 5 leiki.

Leikmenn liðanna:

Anna Lilja Ásgeirsdóttir · Njarðvík

Elísabet Ýr Ægisdóttir · Grindavík

Eygló Nanna Antonsdóttir · Keflavík

Helena Haraldsdóttir · Vestri

Helena Rafnsdóttir · Njarðvík
Hulda Björk Ólafsdóttir · Grindavík
Jelena Tinna Kujundzig · Ármann
Joules Sölva Jordan · Njarðvík
Júlía Ruth Thasaphong · Grindavík
Karen Lind Helgadóttir · Þór Akureyri
Lára Ösp Ásgeirsdóttir · Njarðvík
Lea Gunnarsdóttir · KR
Marín Lind Ágústsdóttir · Tindastóll
Sigurveig Sara Guðmundsdóttir · Njarðvík
Tinna Guðrún Alexandersdóttir · Snæfell
Una Bóel Jónsdóttir · Hrunamenn
Viktoría Rós Horne · Grindavík
Vilborg Jónsdóttir · Njarðvík

Þjálfari: Ingvar Þór Guðjónsson og Atli Geir Júlíusson aðstoðarþjálfari.

U15 drengja · CPH-I 2018

Strákaliðin tvö höfnuðu í 10. og 11. sæti á mótinu en öll liðin léku 5 leiki.

Leikmenn liðanna:

Alexander Óðinn Knudsen · KR
Aron Ernir Ragnarsson · Hrunamenn
Birkir Blær Gíslason · KR
Bragi Guðmundsson · Grindavík
Brynjar Bogi Valdimarsson · Stjarnan
Eyþór Orri Árnason · Hrunamenn
Fannar Tómas Zimsen · Fjölnir
Friðrik Heiðar Vignisson · Vestri
Haraldur Kristinn Aronsson · Breiðablik
Hjörtur Kristjánsson · Breiðablik
Ísak Júlíus Perdue · Þór Þorlákshöfn
Ísak Örn Baldursson · Snæfell
Leif Möller · Þýskt lið
Leifur Logi Birgisson · Fjölnir
Orri Gunnarsson · Stjarnan
Ólafur Ingi Styrmisson · Fjölnir
Veigar Elí Grétarsson · Breiðablik
Örvar Freyr Harðarson · Tindastóll

Þjálfari: Hjalti Þór Vilhjálmsson og Skúli I. Þórarinsson aðstoðarþjálfari.

U16 kvenna

U16 stúlkna · Norðurlandamótið 2018, Kisakallio, Finnlandi

ISL 48:88 FIN

ISL 40:49 EST

ISL 41:92 SWE

ISL 45:56 DEN

ISL 52:49 NOR

U16 stúlkna lentu í 5. sæti.

FIBA Women U16 European Championship B-Division · Podgorica, Svartfjallaland

Ísland 42:86 Svíþjóð

Ísland 58:63 Svartfjallaland

Ísland 39:81 Grikkland

Ísland 37:51 Bretland

Ísland 65:55 Makedónía

Ísland 40:75 Búlgaríja [um sæti 17-22]

Ísland 65:54 Bosníja [um sæti 19-20]

Ísland hafnaði í 19. sæti mótsins.

Leikmenn Íslands:

Anna Margrét Lucic Jónsdóttir · Grindavík

Bríet Ófeigsdóttir · Breiðablik

Edda Karlsdóttir · Keflavík

Eva María Davíðsdóttir · Keflavík

Gígja Marín Þorsteinsdóttir · Hamar

Helga Sóley Heiðarsdóttir · Hamar

Hjördís Lilja Traustadóttir · Keflavík

Natalía Jenný Lucic Jónsdóttir · Grindavík

Thea Ólafía Lucic Jónsdóttir · Grindavík

Þórunn Friðriksdóttir · Njarðvík

Una Rós Unnarsdóttir · Grindavík

Sara Lind Kristjánsdóttir · Keflavík

Jenný Geirdal Kjartansdóttir var valin upprunalega en náði sér ekki af meiðslum fyrir NM.

Þjálfari: Árni Þór Hilmarsson og Hallgrímur Brynjólfsson aðstoðarþjálfari.

U16 drengja

U16 drengja · Norðurlandamótið 2018, Kisakallio, Finnlandi

ISL 97:95 FIN

ISL 61:75 EST

ISL 80:69 SWE

ISL 83:82 DEN

ISL 87:56 NOR

U16 drengja lentu í 2. sæti.

FIBA U16 European Championship B-Division · Sarajevo, Bosníu

Ísland 77:74 Finnland

Ísland 75:105 Pólland

Ísland 74:63 Ungverjaland

Ísland 79:69 Búlgaría
Ísland 88:78 Kýpur
Ísland 59:86 Bosnía [8-liða]
Ísland 73:59 Rúmenía [um sæti 5-8]
Ísland 78:84 Pólland [um sæti 5-6]

Ísland hafnaði í 6. sæti mótsins.

Leikmenn Íslands:
Ástþór Atli Svalason · Valur
Benóný Svanur Sigurðsson · ÍR
Friðrik Anton Jónsson · Stjarnan
Gabriel Douane Boama · Valur
Hilmir Hallgrímsson · Vestri
Hugi Hallgrímsson · Vestri
Magnús Helgi Lúðvíksson · Stjarnan
Marinó Þór Pálmason · Skallagrímur
Ólafur Björn Gunnlaugsson · Valur
Sveinn Búi Birgisson · KR
Viktor Máni Steffensen · Fjölnir
Þorvaldur Orri Árnason · KR

Þjálfari: Ágúst S. Björgvinsson og Snorri Örn Arnaldsson aðstoðarþjálfari.

U18 stúlkna
U18 stúlkna · Norðurlandamótið 2018, Kisakallio, Finnlandi
ISL 72:97 FIN
ISL 82:76 EST
ISL 56:74 SWE
ISL 53:81 DEN
ISL 62:53 NOR
U18 stúlkna lentu í 4. sæti.

FIBA U18 Womens European Championship B-Division · Gussing og Oberwart, Austurríki
Ísland 51:80 Portúgal
Ísland 93:41 Georgía
Ísland 49:63 Rúmenía
Ísland 42:60 Kýpur
Ísland 50:109 Finnland
Ísland 89:50 Albanía [um sæti 17-24]
Ísland 63:72 Austurríki [um sæti 17-20]
Ísland 75:71 Búlgaría [um sæti 19-20]

Ísland hafnaði í 19. sæti mótsins.

Leikmenn Íslands:
Alexandra Eva Sverrisdóttir · Njarðvík

Anna Ingunn Svansdóttir · Keflavík
Ásta Júlía Grímsdóttir · Valur
Ástrós Lena Ægisdóttir · KR
Birna Valgerður Benónýsdóttir · Keflavík
Elsa Albertsdóttir · Keflavík
Eydís Eva Þórisdóttir · Keflavík
Eygló Kristín Óskarsdóttir · KR
Hrund Skúladóttir · Njarðvík
Kamilla Sól Víktorsdóttir · Keflavík
Ólöf Rún Óladóttir · Grindavík
Sigrún Björg Ólafsdóttir · Haukar

þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson og Sævaldur Bjarnason og Halldór Karl Þórsson
aðstoðarþjálfarar.

U18 drengja
U18 drengja · Norðurlandamótið 2018, Kisakallio, Finnlandi
ISL 75:77 FIN
ISL 76:92 EST
ISL 66:69 SWE
ISL 87:77 DEN
ISL 83:94 NOR
U18 drengir lentu í 5. sæti.

FIBA U18 European Championship B-Division · Skopje, Makedóníu
Ísland 60:62 Makedónía
Ísland 73:95 Tékkland
Ísland 68:90 Holland
Ísland 82:65 Lúxemborg
Ísland 60:92 Ísrael
Ísland 61:81 Búlgaría [um sæti 9-16]
Ísland 80:88 Noregur [um sæti 13-16]
Ísland 86:55 Austurríki [um sæti 15-16]

Ísland hafnaði í 15. sæti mótsins.

Leikmenn Íslands:
Dúi Þór Jónsson · Stjarnan
Einar Gísli Gíslason · ÍR
Hilmar Henningsson · Þór Akureyri
Hilmar Pétursson · Haukar
Ingimundur Orri Jóhannsson · Stjarnan
Ingvar Hrafn Þorsteinsson · ÍR
Júlíus Orri Ágústsson · Þór Akureyri
Arnór Sveinsson · Njarðvík
Sigvaldi Eggertsson · KR
Styrmir Snær Þrastarson · Þór Þorlákshöfn

Veigar Áki Hlynsson · KR
Veigar Páll Alexandersson · Njarðvík

Þjálfari Viðar Hafsteinsson og Jóhann Þór Ólafsson aðstoðarþjálfari.

U20 kvenna

FIBA Women U20 European Championship B-Division · Oradea, Rúmeníu

Ísland 48:75 Búlgaría

Ísland 59:57 Danmörk

Ísland 36:104 Tékkland

Ísland 57:76 Tyrkland

Ísland 39:84 Hvíta-Rússland

Ísland 72:76 Grikkland [um sæti 9-12]

Ísland 56:74 Danmörk [um sæti 11-12]

Ísland hafnaði í 12. sæti mótsins.

Leikmenn Íslands:

Bríet Lilja Sigurðardóttir · Skallagrímur

Björk Gunnarsdóttir · Njarðvík

Kristín Rós Sigurðardóttir · Breiðablik

Katla Rún Garðarsdóttir · Keflavík

Magdalena Gísladóttir · Haukar

Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur

Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík

Anna Soffía Lárusdóttir · Snæfell

Þórdís Jóna Kristjánsdóttir · Haukar

Anna Lóa Óskarsdóttir · Haukar

Hulda Ósk Bergsteinsdóttir · Njarðvík

Ragnheiður Björk Einarsdóttir · Haukar

Þjálfari: Finnur Jónsson og Hörður Unnsteinsson aðstoðarþjálfari.

U20 karla

FIBA U20 European Championship A-Division · Chemnitz, Þýskalandi

Ísland 60:107 Serbía

Ísland 64:91 Svíþjóð

Ísland 56:81 Ítalía

Ísland 63:77 Þýskaland

Ísland 72:94 Úkraína

Ísland 86:104 Grikkland

Ísland 103:84 Rúmenía

Ísland hafnaði í 15. sæti mótsins og féll í B-deild.

Leikmenn Íslands:

Arnór Hermannsson · KR

Jón Arnór Sverrisson · Njarðvík
Hákon Örn Hjálmarsson · ÍR
Ingvi Þór Guðmundsson · Grindavík
Árni Elmar Hrafnsson · Breiðablik
Þórir G. Þorbjarnarson · KR/Nebraska, USA
Eyjólfur Ásberg Halldórsson · Skallagrímur
Sigurkarl Róbert Jóhannesson · ÍR
Snjólfur Marek Stefánsson · Njarðvík
Bjarni Guðmann Jónsson · Skallagrímur
Sveinbjörn Jóhannesson · Breiðablik
Andrés Ísak Hlynsson · KR

Þjálfari: Israel Martin og Baldur Þór Ragnarsson aðstoðarþjálfari.



Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar KKÍ 2017-2019

Keppnistímabilið 2017-2018

Keppnistímabilið 2017-2018 fékk aga- og úrskurðarnefnd 60 agamál til meðferðar. Þá bárust nefndinni engin kærumál á tímabilinu.

Agamál skiptust þannig: 30 fengu áminningu, 21 í eins leikja bann, einn í tveggja leikja bann og þrjú í þriggja leikja bann. Í einu máli var sýknað og þremur var vísað frá. Í einu af áminningarmálum fylgdi sekt sem beindist að félagi.

Keppnistímabilið 2018-2019

Það sem af er keppnistímabili 2018 - 2019 hefur aga- og úrskurðarnefnd borist 39 agamál til afgreiðslu vegna meintra brota. Kærumál sem hafa verið afgreidd eru þrjú. Þá var í fyrsta sinn lagt fyrir nefndina tilvísunarmál frá stjórn KKÍ.

Agamál skiptust þannig: 23 hafa fengið áminningu, 12 hafa fengið einn leik í bann og þremur málum hefur verið vísað frá. Í einu máli sem beindist að félagi var sýknað.

Í kærumálunum þremur var í öllum tilvikum hið kærða félag sýknað.

Í tilvísunarmálinu fékk leikmaður ávitur og félagið sektað.

Skýrsla fræðslunefndar KKÍ 2017-2019

Ný fræðslunefnd var skipuð af stjórn KKÍ í kjölfar körfuknattleikspings 2017. Hana skipa: Birna Lárusdóttir, formaður, Jón Þór Þórðarson, Sigrún Skarphéðinsdóttir, Jón Svan Sverrisson og Ágúst Björgvinsson, sem jafnframt er verkefnisstjóri þjálfaramenntunar KKÍ. Sigríður Inga Viggósdóttir hefur verið starfsmaður nefndarinnar. Segja má að störf fræðslunefndar hafi skipst í þrjá þætti á starfstímabilinu:

1. Þjálfaramenntun
2. Útbreiðsluverkefni
3. Dómara-, tölfraði- og ritaraborðsnámskeið

1. Þjálfaramenntun

Þjálfaranám KKÍ hefur gengið ágætlega á tímabilinu og sérstaklega hefur þátttaka í námskeiðum með erlendum fyrirlesurum verið góð þar sem 50-70 þjálfara hafa mætt. Ágúst Björgvinsson, verkefnisstjóri, hefur haldið utan um skipulag menntunar og námskeiðahald í samtarfi við Sigríði Ingu Viggósdóttur.

Þátttaka í grunnnámskeiðum mætti vera betri en því miður þurfti að fella niður tvö námskeið 2018 vegna ónógrar þátttöku. Til að þjálfaranámið skili tilætluðum árangri þarf að skylda þjálfara til að sækja sér menntun eins og kveðið er á um í lögum KKÍ. Þjálfarar, sem sækja námskeið, segja að áhugi þeirra á þjálfun hafi aukist og þeir hafi bætt við sig þekkingu. Það er mikill ávinningur af því fyrir hreyfinguna að búa að fleiri öflugum þjálfurum og því er mikilvægt að félögin styðji við og hvetji þjálfara sína til að sækja sér menntun. Ein leið getur verið að styrkja fjárhagslega unga þjálfara til ferða og þátttöku á námskeiðum, t.d. með endurgreiðslu á námskeiðsgjaldi.

Nú er fjarnám í gangi og í maí verða haldin tvö námskeið, KKÍ 1.a og KKÍ 2.a, í tengslum við stóra æfingahelgi hjá yngri landsliðum. Var sama fyrirkomulag haft á í fyrra sem heppnaðist mjög vel. Í ágúst verður haldið KKÍ 3.b námskeið með tveimur NBA þjálfurum. Þar með verður búið að halda að minnsta kosti einu sinni öll þau námskeið sem lagt var upp með þegar þjálfaranám KKÍ hóf göngu sína 2015.

2017

KKÍ 1.b [20 st.] jan: Fjarnám

KKÍ 2.b [40 st.] jan: Fjarnám

KKÍ 1.a [20 st.] maí: Hjalti Þór Vilhjálmsson og Snorri Örn Arnaldsson

KKÍ 2.c [20 st.] maí: Svetislav Pešić aðalfyrirlesari, Ágúst S. Björgvinsson, Benedikt Guðmundsson, Friðrik Ingi Rúnarsson, Helgi Jónas Guðfinnsson, Ívar Ásgrímsson og Leifur Garðarsson.

KKÍ 1.a [20 st.] ágú: Ágúst S. Björgvinsson og Snorri Örn Arnaldsson

KKÍ 1.b [20 st.] sep.: Fjarnám

KKÍ 1.c [20 st.] sep: Ágúst S. Björgvinsson, Benedikt Guðmundsson, Finnur Freyr Stefánsson, Pálmar Ragnarsson og Snorri Örn Arnaldsson.

2018

KKÍ 1.b [20 st.] jan: Fjarnám
 KKÍ 2.b [40 st.] jan: Fjarnám [féll niður]
 KKÍ 1.a [20 st.] maí: Sævaldur Bjarnason og Hjalti Þór Vilhjálmsson
 KKÍ 3.a [20 st.] maí: Bob McKillop aðalfyrirlesari, Ágúst S. Björgvinsson, Borche Ilievski Sansa, Friðrik Ingi Rúnarsson, Hafrún Kristjánsdóttir, Sveinn Þorgeirsson, Ívar Ásgrímsson.
 KKÍ 1.a [20 st.] ágú: [féll niður ekki næg þátttaka]
 KKÍ 1.b [20 st.] sep.: Fjarnám
 KKÍ 1.c [20 st.] sep: [féll niður ekki næg þátttaka]

2019

KKÍ 1.b [20 st.] jan: Fjarnám [er í gangi]
 KKÍ 2.b [40 st.] jan: Fjarnám [er í gangi]
 KKÍ 1.a [20 st.] maí: Sömu helgi og Úrvalsþúðir
 KKÍ 2.a [20 st.] maí: Sömu helgi og æfingahelgi yngri landsliða fer fram [heppnaðist vel í fyrri]
 KKÍ 3.b [20 st.] maí: Tveir NBA þjálfarar: Ettore Messina og Stan Van Gundy
 KKÍ 1.a [20 st.] ágú: Sömu helgi og Úrvalsþúðir

Til viðbótar þjálfaramenntuninni hér heima ber þess að geta að Hallgrímur Brynjólfsson, Margrét Sturlaugsdóttir og Sævaldur Bjarnason hafa tekið þátt í FECC þjálfaranámi FIBA Europe á þessu starfstímabili. FECC stendur fyrir FIBA Europe Coaching Certificate og er mjög metnaðarfullt þjálfaranám á vegum FIBA Europe sem spannar þrjú sumur í mætingu en þess á milli vinna þátttakendur verkefni upp á eigin spýtur. Hallgrímur kláraði sumarið 2018 en þau Margrét og Sævaldur hófu nám sumarið 2017 og ljúka því 2019. Nýr "hringur" hefst í sumar en FIBA Europe á eftir að tilkynna hversu margir komast að frá Íslandi. Sótt var um fyrir þrjá þjálfara.



2. Útbreiðsluverkefni

Driplið

Eitt af umfangsmeiri útbreiðsluverkefnum sem KKÍ hefur ráðist í á seinni árum er tækniþjálfunin Driplið, sem er að líta dagsins ljós um þessar mundir. Verkefnið er ætlað iðkendum á aldrinum 9-11 ára. Hugmyndin að Driplinu hefur verið í vinnslu í nokkur ár en um mitt ár 2018 hófst vinnan fyrir alvöru þegar ljóst var að verkefnið hlyti fjárhagslegan stuðning úr fræðslusjóði FIBA Europe. Segja má að fyrirmyndin sé að einhverju leyti sótt í það sem kallað var Tæknimerki KKÍ en það verkefni var í gangi á árunum 1974-1980. Töluvert var lagt í að finna viðeigandi og þjálft nafn á hið nýja verkefni. Þegar Driplið hafði orðið fyrir valinu voru nokkuð deildar meiningar um það hvort orðið ætti að skrifast með

einu „p“ eða tveimur. Stofnun Árna Magnússonar kvað upp úr um þetta álitafni og niðurstaðan varð eitt „p“.



Í stuttu máli samanstendur Driplið af röð tækniæfinga á myndböndum sem eru aðgengileg iðkendum á netinu. Æfingarnar eru sniðnar að þörfum þriggja aldurshópa: 9 ára, 10 ára og 11 ára. Þegar hverjum æfingapakka er lokið fá iðkendur afhent viðurkenningarskjál og gúmmíarmband. Armböndin eru í fánalitunum blár, hvítur og rauður og tákna hver litur einn aldurshóp. Hugsunin með Driplinu er m.a. sú að þegar öllum æfingapökkunum er lokið eigi iðkendur að búa yfir nægjanlegri færni til að eiga möguleika á að vera valdir í Úrvalsbúðir KKÍ. Meginmarkmiðið með Driplinu er að auka færni iðkenda í körfubolta og samræma um leið að einhverju marki körfuboltaþjálfun yngstu iðkendanna hér á landi. Frá upphafi var verkefnið unnið þannig að líftími þess gæti orðið nokkur ár. Það er von fræðslunefndar og stjórnar KKÍ að verkefnið mælist vel fyrir hjá aðildarfélagunum og þyki gagnlegt verkfæri fyrir þjálfara í yngstu aldurshópum körfunnar. Allt um Driplið má finna á: **www.kki.is/driplið**

Fjarkinn

Annað skemmtilegt útbreiðsluverkefni sem ráðist hefur verið í á þessu starfstímabili er kynning á nýrri og léttari boltastærð fyrir yngstu iðkendurnar, fjarkanum. Nokkur lönd í Evrópu hafa nýverið látið Molten framleiða fyrir sig bolta númer fjögur. Þetta er enn ekki orðin opinber boltastærð og því þarf að sérpanta þessa tegund. Boltarnir er mjög hentugir fyrir 4-6 ára iðkendur. Haustið 2017 bauðst Domino's til að kaupa fjarka fyrir sambandið sem gæti svo dreift þeim til aðildarfélaganna. Haustið 2018 komu boltarnir til landsins og hefur þeim verið dreift til félaganna sem og á nokkra leikskóla. Ekki er annað að heyra en að boltunum hafi verið vel tekið í yngsta aldurshópi körfunnar. Gæta þarf þess að ef boltarnir eru almennt í notkun á æfingum þá þarf að tryggja að þeir séu jafnframt notaðir í mótum þeirra yngstu.

Landsliðsfólk á ferð um landið

Sumarið 2017 fóru landsliðsleikmennirnir Martin Hermannsson og Hildur Björg Kjartansdóttir í heimsókn til aðildarfélaga víða um land eins og gert var sumarið 2016. Líkt og þá var verkefnið fjármagnað með stuðningi úr fræðslusjóði FIBA Europe. Mæltust heimsóknirnar afar vel fyrir. Það er mikilvægt að iðkendur fái tækifæri til að hitta leikmenn landsliðanna í eigin persónu enda eru þeir miklar fyrirmyndir, jafnt í leik sem starfi.

3. Dómara-, tölfræði- og ritaraborðsnámskeið

Dómaranámskeið

Töluverð vinna hefur farið fram á vegum sambandsins í tengslum við það hvort og þá hvernig breyta þurfti dómaramenntun hér á landi. Í september 2018 lögðu fræðslunefnd og dómaranefnd sameiginlega til við stjórn ákveðnar breytingar í þessum efnum. Voru þær samþykktar og eru að mestu komnar til framkvæmda.

Nú eru þrjú stig í menntun í dómgæslunni. Fyrsta stig er nokkurskonar örnámskeið og er horft til þess að námskeiðið sé fyrir 10. flokk beggja kynja og aðra þá sem vilja sækja námskeið hjá félagssliði sínu. Annað stig er netnámskeið sem er svipað því sem verið hefur. Við annað stig öðlast dómamarar réttindi til að dæma í öllum deildum, öðrum en tveimur efstu deildum karla og kvenna. Þriðja stigið er svo tekið samhliða haustfundum dómaranefndar. Þeir sem ljúka þriðja stigi öðlast réttindi til að dæma í öllum deildum.

Dómaranefnd kom af stað Mentor-kerfi í nóvember 2018 þar sem sjö ungir dómamarar, eða dómamarar sem hafa nýlega hafið dómgæslu í efstu deildum, fengu leiðbeinendur sem leiðbeindu þeim a.m.k út keppnistímabilið. Leiðbeinendurnir horfa á leiki dómaraanna og gefa þeim endurgjöf ásamt því að vera dómurunum til halds og traust á öllum sviðum dómgæslu

Fræðsla fyrir tölfræðinga og starfsfólk ritaraborða er afar mikilvæg fyrir viðgang körfuknattleiksþróttarinnar og hafa nokkur námskeið farið fram á síðustu misserum í þeim tilgangi að bæta við þekkingu á þessum sviðum.

Ritaraborðsnámskeið

FIBA gerði það að kröfu að starfsmenn á landsleikjum væru með sérstaka Table official certificate frá FIBA. Í kjölfarið tóku níu íslenskir ritaraborðsstarfsmenn þessa vottun. Sjö til viðbótar eru að bíða eftir að námskeiðið standi til boða aftur. Það var Árni Eggert Harðarson, starfsmaður KKÍ, sem hélt utan um námskeiðin. Önnur ritaraborðsnámskeið voru ekki haldin á vegum KKÍ á starfstímabilinu, þó svo að þörfin sé ærin.

Tölfræðinámskeið

Tölfræðiforritið sem er unnið með í efstu tveimur deildum beggja kynja, FIBA Live Stats [FLS], tók viðamiklum breytingum fyrir tímabilið 2018/19 með nýrri uppfærslu. Fyrirséð var að undirbúa þyrfti yfirfærsluna yfir í útgáfu 7 af FLS vel. Haldið var mjög vel sótt og vel heppnað námskeið í Garðabæ í lok tímabilsins 2017/18 þar sem FLS7 var kynnt. Tölfræðingar nýttu æfingaleikina fyrir tímabilið til að æfa sig. Nýliðanámskeið var haldið í Laugardalnum viku áður en tímabilið hófst sem var vel sótt. Jón Svan Sverrisson, fulltrúi í fræðslunefnd, hefur haldið utan um tölfræðinámskeiðin í samstarfi við starfsmenn KKÍ.

Í október 2018 var fenginn sérfræðingur að utan, Oleksiy Naumov frá Kúveit, til að halda FIBA tölfræðivottunarnámskeið í Laugardalshöll. Ellefu tölfræðingar stóðust prófið og fengu

FIBA vottun sem gerir þeim kleift að starfa á landsleikjum. Allir tölfræðingar sem þreyttu verklega prófið stóðust, sem er í fyrsta skiptið síðan þessi námskeið hafa verið haldin [fyrst 2016].



REKSTRARREIKNINGUR 2018

TEKJUR:

	Skýr.	<u>2018</u>	<u>2017</u>
Framlög og styrkir	1	88.240.188	57.733.616
Tekjur af leikjum	2	21.626.384	20.893.477
Auglýsingatekjur	3	14.269.265	16.685.893
Landslið	4	38.226.725	44.691.317
Fræðslu- og útbreiðslustarfsemi		10.045.309	9.163.186
Aðrar tekjur	5	31.813.751	21.708.110
Fjármunatekjur		<u>807.481</u>	<u>1.018.200</u>
		<u>205.029.103</u>	<u>171.893.799</u>

GJÖLD:

Yfirstjórn	6	47.760.903	42.084.041
Íþróttaleg viðskipti	7	110.218.268	120.157.141
Kynning, fræðsla og útbreiðslustarfsemi		6.426.600	7.787.195
Rekstur mannvirkja		2.544.047	2.625.810
Önnur gjöld	8	17.171.986	14.994.204
Fjármagnsgjöld		<u>7.377.638</u>	<u>2.695.275</u>
		<u>191.499.442</u>	<u>190.343.666</u>
Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)		<u>13.529.661</u>	<u>-18.449.867</u>

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

	2018	2017
<u>1. FRAMLÖG OG STYRKIR:</u>		
Lottó	14.943.061	14.889.901
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.995.141	2.967.715
Aðrir styrkir	70.301.986	39.876.000
	88.240.188	57.733.616
<u>2. TEKJUR AF LEIKJUM:</u>		
Þátttökugjöld og tekjur af mótahaldi	21.626.384	20.893.477
	21.626.384	20.893.477
<u>3. AUGLÝSINGATEKJUR:</u>		
Ýmsir auglýsingasamningar	14.269.265	16.685.893
	14.269.265	16.685.893
<u>4. LANDSLIÐ:</u>		
A-landslíð karla	7.684.681	13.327.081
Unglingalandslið	28.376.647	27.776.277
A-landslíð kvenna	2.165.397	3.587.959
	38.226.725	44.691.317
<u>5. AÐRAR TEKJUR:</u>		
Innheimt vegna dómara	17.505.067	15.082.401
Félagaskipti	14.288.684	6.585.709
Annað	20.000	40.000
	31.813.751	21.708.110
<u>6. YFIRSTJÓRN:</u>		
Laun starfsmanna og launatengd gjöld	40.485.252	34.091.555
Sími og burðargjöld	969.066	1.375.676
Pappír, prentun og ritföng	62.718	44.951
Tölvur og áhöld	1.043.844	689.606
Niðurfærsla viðskiptakrafna	880.826	127.631
Annar kostnaður	4.319.197	5.754.622
	47.760.903	42.084.041

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

	<u>2018</u>	<u>2017</u>
7. ÍBRÓTTALEG VIÐSKIPTI:		
Íslandsmót	2.974.721	2.786.787
Bikarkeppni	6.379.886	7.519.594
A-landslíð karla	40.348.292	55.092.951
Unglingalandslíð	33.951.404	37.497.947
A-landslíð kvenna	26.515.515	16.332.425
Annað	48.450	927.437
	110.218.268	120.157.141
8. ÖNNUR GJÖLD:		
Jöfnun dómarakostnaðar	16.835.852	13.800.287
Annar kostnaður	336.134	1.193.917
	17.171.986	14.994.204
9. EIGIÐ FÉ:		
Skuldir umfram eignir 1/1	-56.349.602	-37.899.735
(Gjöld) umfram tekjur skv. rekstrarreikningi	13.529.661	-18.449.867
	-42.819.941	-56.349.602
10. VIÐSKIPTAKRÖFUR:		
Félögin	9.008.048	10.312.485
Óbein afskrift viðskiptakrafna	-1.632.231	-751.405
Aðrar viðskiptakröfur	3.128.069	747.152
	10.503.886	10.308.232
11. VIÐSKIPTASKULDIR:		
Lánadrottmar	34.393.275	27.518.095
	34.393.275	27.518.095

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2018

	<u>2018</u>	<u>2017</u>
EIGNIR:		
Bankainnistæður	4.031.480	7.665
Viðskiptakröfur 10	<u>10.503.886</u>	<u>10.308.232</u>
	<u>14.535.366</u>	<u>10.315.897</u>
SKULDIR:		
Langtímalán	12.666.667	16.666.667
Skuld við lánastofnanir	0	1.169.012
Viðskiptaskuldir 11	34.393.275	27.518.095
Ýmsar skammtímaskuldir	10.295.365	21.311.725
Skuldir umfram eignir 31. desember 9	<u>-42.819.941</u>	<u>-56.349.602</u>
	<u>14.535.366</u>	<u>10.315.897</u>

Staður og dagsetning

Skoðunarmenn:

Staður og dagsetning

Staður og dagsetning
